

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/73/EB

2009/EES/25/11

frá 10. ágúst 2006

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði fjárfestingafyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE⁽¹⁾, einkum 4. gr. (2. mgr.), 13. gr. (10. mgr.), 18. gr. (3. mgr.), 19. gr. (10. mgr.), 21. gr. (6. mgr.), 22. gr. (3. mgr.) og 24. gr. (5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun 2004/39/EB er settur rammi um reglakerfi fyrir fjármálamarkaði í Bandalaginu sem stýrir m.a. rekstrarskilyrðum, sem varða árangur fjárfestingafyrirtækja í fjárfestingaþjónustu, og, ef við á, árangur þeirra í viðbótarþjónustu og fjárfestingastarfsemi, skipulagskröfum fyrir fjárfestingafyrirtæki, sem annast slíka þjónustu og starfsemi og fyrir skipulega markaði, kröfum um upplýsingar, að því er varðar viðskipti með fjármálagerninga, og kröfum um gagnsæi, að því er varðar viðskipti í hlutabréfum sem skráð eru á skipulegan markað.
- 2) Reglur um innleiðingu reglakerfisins, sem stýrir skipulagskröfunum fyrir fjárfestingafyrirtæki sem annast fjárfestingaþjónustu og, þar sem við á, viðbótarþjónustu og fjárfestingastarfsemi í atvinnuskyni og fyrir skipulega markaði, skulu samrýmast markmiðum tilskipunar 2004/39/EB. Þær skulu tryggja mikinn heilleika, hæfni og styrkleika hjá fjármálafyrirtækjum og einingum, sem reka skipulega markaði eða markaðstorg, og skal þeim beitt á samræmdan hátt.
- 3) Nauðsynlegt er að tilgreina raunhæfar skipulagskröfur og verklagsreglur fyrir fjárfestingafyrirtæki sem annast slíka þjónustu eða starfsemi. Einkum skal kveða á um strangar verklagsreglur í tengslum við atriði á borð við reglufylgni, áhættustýringu, meðferð á kvörtunum, einkaviðskipti, utankaup og auðkenningu, stýringu og upplýsingar um hagsmunaárekstra.
- 4) Skipulagskröfur og skilyrði fyrir starfsleyfi fjárfestingafyrirtækja skulu sett fram með reglum sem tryggja samræmda beitingu viðeigandi ákvæða tilskipunar 2004/39/EB. Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja að fjárfestingafyrirtæki hafi jafnan aðgang að sambærilegum kjörum á öllum mörkuðum í Bandalaginu og til að fjarlægja hindranir sem tengjast málsmeðferð við leyfisveitingar vegna starfsemi yfir landamæri á sviði fjárfestingaþjónustu.
- 5) Reglurnar um framkvæmd kerfisins, sem stýrir skipulagskröfum um framkvæmd fjárfestinga- og viðbótarþjónustu og fjárfestingastarfsemi, skulu endurspegla markmiðið sem liggur til grundvallar fyrirkomulaginu. Það er að segja, þær skulu samdar með það í huga að tryggja umfangsmikla vernd fjárfesta og þeim skal beitt á samræmdan hátt með innleiðingu skýrra viðmiðana og krafna sem stýra tengslum milli fjárfestingafyrirtækis og viðskiptavinarins. Að því er varðar vernd fjárfesta, einkum það að veita fjárfestum upplýsingar eða leit fjárfesta eftir upplýsingum, skal á hinn bóginn taka tillit til þess hvort viðskiptavinurinn eða hinn mögulegi viðskiptavinur, sem um ræðir, sé almennur eða fagviðskiptavinur.
- 6) Tilskipunarformið er nauðsynlegt til að gera það kleift að laga framkvæmdarákvæðin að sérhæfi tiltekins markaðar og lagakerfis í sérhverju aðildarríki.
- 7) Í því skyni að tryggja samræmda beitingu ýmissa ákvæða í tilskipun 2004/39/EB er nauðsynlegt að koma á samræmdum skipulagskröfum og rekstrarskilyrðum fyrir fjárfestingafyrirtæki. Af þeim sökum skulu aðildarríki og lögbær yfirvöld ekki setja bindandi viðbótarreglur þegar þau lögleiða og beita þeim reglum sem tilgreindar eru í þessari tilskipun, nema skýrt sé kveðið á um það í tilskipuninni að slíkt sé leyfilegt.
- 8) Í undantekningartilvikum skal aðildarríkjum þó gert kleift að gera kröfur til fjárfestingafyrirtækja til viðbótar þeim sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglunum. Slík afskipti skulu þó takmarkast við tilvik sem hafa í för með sér sérstaka áhættu fyrir vernd fjárfesta eða heilleika markaðarins, þ.m.t. áhætta sem tengist stöðugleika fjármálakerfisins, sem hafa ekki fengið viðunandi umfjöllun í löggjöf Bandalagsins og skulu þau vera í nákvæmlega réttu hlutfalli við áhættuna.
- 9) Viðbótarkröfur, sem aðildarríki halda áfram að gera eða setja í samræmi við þessa tilskipun, skulu ekki takmarka

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 9.8.2007, p. 26.

(1) Stjtið. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2006/31/EB (Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 60).

eða hafa önnur áhrif á fjárfestingafyrirtæki, skv. 31. og 32. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

eða annarra eftirlitsskyldra eininga er samansöfnuð meðal takmarkaðs fjölda þjónustuveitenda.

- 10) Sérstök áhætta, sem tekin er til umfjöllunar í viðbótarkröfum sem aðildarríkin halda áfram að gera á gildistökudegi þessarar tilskipunar, skal hafa sérstakt vægi í markaðsgerðinni í aðildarríkinu, sem um ræðir, þ.m.t. hegðun fyrirtækja og neytenda á þessum markaði. Mat á þessari sérstöku áhættu skal fara fram innan ramma reglakerfisins sem komið er á með tilskipun 2004/39/EB og nákvæmra framkvæmdarreglna hennar. Allar ákvarðanir um að halda áfram að gera viðbótarkröfur skulu teknar með tilhlýðilegu tilliti til markmiða þeirrar tilskipunar um að fjarlægja hindranir sem standa í vegi fyrir því að veita fjárfestingarþjónustu yfir landamæri með því að samræma upphafleg starfsleyfi og rekstrarkröfur um fjárfestingafyrirtæki.
- 11) Fjárfestingafyrirtæki geta verið mjög mismunandi að því er varðar stærð, uppbyggingu og hvers eðlis starfsemi þeirra er. Laga skal reglakerfi að þessari fjölbreytni og jafnframt skal setja tiltekin grundvallarlagaákvæði og -reglur sem eiga við um öll fyrirtæki. Eftirlitsskyldar einingar skulu uppfylla umfangsmiklar skuldbindingar sínar og gera og samþykkja þær ráðstafanir sem falla best að eðli þeirra og sérstökum aðstæðum.
- 12) Reglakerfi, sem hefur í för með sér of mikla óvissu fyrir fjárfestingafyrirtæki, getur hins vegar dregið úr skilvirkni. Þess er vænst að lögbær yfirvöld gefi út leiðbeiningar til túlkunar ákvæða þessarar tilskipunar, einkum í því skyni að útskýra raunhæfa beitingu krafna í þessari tilskipun að því er varðar tilteknar gerðir fyrirtækja og tilteknar aðstæður. Í leiðbeiningum sem þessum, sem ekki eru bindandi, mætti m.a. gera grein fyrir hvernig ákvæði þessarar tilskipunar og tilskipunar 2004/39/EB gilda í ljósi markaðsþróunar. Til þess að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar og tilskipunar 2004/39/EB er Bandalaginu heimilt að gefa út leiðbeiningar með túlkandi orðsendingum eða eftir öðrum leiðum. Enn fremur getur samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði gefið út leiðbeiningar í því skyni að tryggja að lögbær yfirvöld beiti þessari tilskipun og tilskipun 2004/39/EB með samleitni
- 13) Skipulagskröfurnar, sem eru fastsettar samkvæmt tilskipun 2004/39/EB, hafa ekki áhrif á kerfi sem eru fastsett samkvæmt innlendum lögum um skráningu einstaklinga sem starfa í fjárfestingafyrirtækjum.
- 14) Að því er varðar ákvæði þessarar tilskipunar, en í þeim er sú krafa gerð til fjárfestingafyrirtækja að fastsetja, koma til framkvæmda og viðhalda viðeigandi áhættustjórnunarstefnu, skal áhætta sem tengist starfsemi, ferlum og kerfum fela í sér áhættu sem tengist utankaupum brýnna eða mikilvægra þátta eða fjárfestingarþjónustu- eða starfsemi. Til slíkrar áhættu skal telja áhættu, sem tengist sambandi fyrirtækisins við þjónustuveitandann, og hugsanlega áhættu sem myndast þegar utankeypt starfsemi margra fjárfestingafyrirtækja
- 15) Jafnvel þótt þannig standi á að sami aðili annist áhættustýringu og regluvörslu þýðir það ekki endilega að óhæðishlutverki hvors starfs um sig sé stefnt í hættu. Vera má að ekki sé gætt meðalhófs gagnvart litlum fjárfestingafyrirtækjum með því að setja skilyrði um að aðilar, sem taka þátt í regluvörslu, sinni ekki einnig þeim þáttum sem þeir hafa eftirlit með og um að aðferðin við að ákvarða starfslaun þessara aðila skuli ekki vera líkleg til að skaða hlutlægni þeirra. Að því er varðar stærri fyrirtæki munu þau þó einungis í undantekningar-tilvikum vera óhófleg.
- 16) Í nokkrum ákvæðum tilskipunar 2004/39/EB er þess krafist að fjárfestingafyrirtæki safni og viðhaldi upplýsingum sem tengjast viðskiptavinum og þjónustu sem þeim er veitt. Ef þessar kröfur varða söfnun og úrvinnslu persónulegra gagna skulu fyrirtækin ganga úr skugga um að þær uppfylli innlendar ráðstafanir sem eru til framkvæmdar tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995⁽¹⁾ um verndun einstaklinga að því er varðar úrvinnslu persónulegra gagna og frjálstan flutning slíkra gagna.
- 17) Ef hver einkaviðskipti fara fram á eftir öðrum fyrir hönd aðila í samræmi við fyrirmæli sem sá aðili hefur áður gefið skulu skuldbindingar samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar varðandi einkaviðskipti ekki gilda fyrir hver slík viðskipti fyrir sig sem fara fram hver á fætur öðrum ef þessar leiðbeiningar eru enn í gildi og óbreyttar. Að sama skapi skulu þessar skuldbindingar ekki gilda þegar slíkar leiðbeiningar eru dregnar til baka eða afturkallaðar, að því tilskildu að fjármálagerningum, sem höfðu áður verið keyptir samkvæmt leiðbeiningunum, sé ekki ráðstafað á sama tíma og leiðbeiningarnar hætta að gilda eða eru afturkallaðar. Þessar skuldbindingar skulu þó gilda í tengslum við einkaviðskipti eða við upphaf einkaviðskipta, sem fara fram hver á fætur öðrum og eru framkvæmd fyrir hönd sama aðila, ef þessum leiðbeiningum er breytt eða ef nýjar leiðbeiningar eru gefnar út.
- 18) Lögbær yfirvöld skulu ekki láta leyfi um veitingu fjárfestingarþjónustu eða fjárfestingastarfsemi ráðast af almennu banni um utankaup eins eða fleiri brýnna eða mikilvægra þátta, fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi. Fjárfestingafyrirtækjum skal heimilt að utankaupa slíka starfsemi ef fyrirkomulagið, sem fyrirtækið hefur komið á um utankaup, uppfyllir tiltekin skilyrði.
- 19) Að því er varðar ákvæði þessarar tilskipunar, þar sem sett eru fram skilyrði fyrir utankaupum brýnna eða mikilvægra rekstrarþátta, fjárfestingarþjónustu eða -starfsemi, skal litið svo á að þegar utankaup fela í sér úthlutun verkefna í þeim mæli að fyrirtækið verður póstkassafyrirtæki grafi það undan skilyrðunum sem

(¹) Stjótið. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31. Tilskipuninni var breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjótið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

- fjárfestingafyrirtækið verður að uppfylla til þess að það hafi starfsleyfi og haldi áfram að hafa starfsleyfi í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2004/39/EB.
- 20) Utankaup fjárfestingaþjónustu eða starfsemi eða brýnna og mikilvægra þátta getur haft í för með sér verulega breytingu á skilyrðunum fyrir starfsleyfisveitingu fjárfestingafyrirtækisins eins og um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2004/39/EB. Ef fyrirkomulagi um utankaup er komið á eftir að fjárfestingafyrirtækið hefur fengið starfsleyfi í samræmi við ákvæðin í I. kafla II. þáttar tilskipunar 2004/39/EB skal tilkynna lögbæru yfirvaldi um þetta fyrirkomulag eftir því sem krafist er, skv. 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2004/39/EB.
- 21) Samkvæmt þessari tilskipun er þess krafist að fjárfestingafyrirtæki tilkynni ábyrgu, lögbæru yfirvaldi fyrir fram um hvers konar fyrirkomulag um utankaup á stýringu eignasafna almennra viðskiptavina, sem það hyggst ganga frá við þjónustuveitanda í þriðja landi, ef tiltekin tilgreind skilyrði eru ekki uppfyllt. Þess er þó ekki vænst að lögbær yfirvöld veiti leyfi fyrir eða samþykki að öðru leyti slíkt fyrirkomulag eða skilmála sem þar koma fram. Tilgangurinn með tilkynningunni er öllu fremur að tryggja að lögbæra yfirvaldið hafi tækifæri til iðlutunar þegar við á. Það er á ábyrgð fjárfestingafyrirtækisins að semja um skilmála í fyrirkomulagi um utankaup og að tryggja að þessir skilmálar séu í samræmi við skuldbindingar fyrirtækisins samkvæmt þessari tilskipun og tilskipun 2004/39/EB án formlegrar iðlutunar lögbæra yfirvaldsins.
- 22) Í því skyni að tryggja gagnsæi reglna og til að tryggja tilhlýðilegt öryggi fyrir fjárfestingafyrirtæki er þess krafist í þessari tilskipun að sérhvert lögbært yfirvald birti yfirlýsingu um stefnu sína í tengslum við utankaup á stýringu eignasafns almennra viðskiptavina hjá þjónustuveitendum í þriðju löndum. Í yfirlýsingunni verða að koma fram dæmi um tilvik þar sem ólíklegt er að lögbæra yfirvaldið andmæli slíkum utankaupum og í henni verður að vera útskýring á því hvers vegna það er ólíklegt að utankaup skerði í slíkum tilvikum getu fyrirtækisins til að uppfylla almenn skilyrði um utankaup samkvæmt þessari tilskipun. Í þessari útskýringu skal lögbæra yfirvaldið ætíð tilgreina ástæður þess að utankaupin í umræddum tilvikum hafi ekki heftandi áhrif á skilvirkni á aðgengi þess að öllum upplýsingum sem tengjast utankeyptu þjónustunni sem er lögbæra yfirvaldinu nauðsynleg til þess að það geti sinnt eftirlitshlutverki sínu að því er varðar fjárfestingafyrirtækið.
- 23) Ef fjárfestingafyrirtæki leggur fjármuni, sem það varðveitir fyrir hönd viðskiptavinar, í viðurkenndan peningamarkaðssjóð skulu hlutirnir í þeim peningamarkaðssjóði vera varðveittir í samræmi við kröfur um varðveislu fjármálagerninga í eigu viðskiptavina.
- 24) Meðal aðstæðna, sem skal litið á sem orsök hagsmunaárekstra, eru tilvik þar sem árekstur hagsmuna verður hjá fyrirtækjum eða tilteknum aðilum sem tengjast fyrirtækinu eða fyrirtækjasamstæðunni og skyldunni sem fyrirtækið ber gagnvart viðskiptavininum eða milli ólíkra hagsmuna tveggja eða fleiri viðskiptavina þess og þar sem fyrirtækið ber skyldu gagnvart hvorum um sig. Ekki er nóg að fyrirtæki njóti ágóða ef ekki er einnig hugsanlegt að það sé viðskiptavininum til óhagræðis eða að einn viðskiptavinur, sem fyrirtækið er skuldbundið gagnvart, geti notið ágóða eða forðast tap án þess að annar viðskiptavinur verði samtímis fyrir hugsanlegu tapi.
- 25) Eingöngu skulu settar reglur um hagsmunaárekstra ef fjárfestingafyrirtæki veitir fjárfestingaþjónustu eða viðbótarþjónustu. Staða viðskiptavinarins sem þiggur þjónustuna – ýmist sem almennur viðskiptavinur, fagviðskiptavinur eða hæfur mótaðili – skiptir ekki máli í þessu sambandi.
- 26) Þegar fjárfestingafyrirtækið uppfyllir skuldbindingu sína um að semja stefnumið um hagsmunaárekstra, samkvæmt tilskipun 2004/39/EB, þar sem auðkenndar eru aðstæður sem fela í sér eða geta valdið hagsmunaárekstrum, skal það einkum hafa í huga verkefni við fjárfestingarannsóknir og –ráðgjöf, eigin viðskipti, stýringu eignasafns og fjármál og rekstur fyrirtækja, þ.m.t. að ábyrgjast eða taka að sér sölu í verðbréfaútboði og ráðgjöf við samruna og yfirtöku. Einkum er mikilvægt að gefa því sérstakan gaum ef fyrirtækið eða aðili, sem er beint eða óbeint tengdur fyrirtækinu í gegnum yfirráð, hefur með höndum tvö eða fleiri slík samtengd verkefni.
- 27) Fjárfestingafyrirtæki skulu stefna að því að finna og hafa stjórn á hagsmunaárekstrum sem verða í tengslum við starfsemi á ýmsum sviðum og starfsemi samstæðunnar innan ramma alhliðastefnu um hagsmunaárekstra. Þótt fjárfestingafyrirtæki veiti upplýsingar um hagsmunaárekstra þýðir það ekki að fyrirtækið sé undanþegið skuldbindingunni um að viðhalda og starfrækja skilvirkt fyrirkomulag í skipulagi og stjórnsýslu eins og krafist er skv. 3. mgr. 13. gr. tilskipunar 2004/39/EB. Þótt þess sé krafist, skv. 2. mgr. 18. gr. í tilskipun 2004/39/EB, að veittar séu upplýsingar um sérstaka hagsmunaárekstra er ekki heimilt að hafa of mikla tiltrú á upplýsingagjöf ef ekki er gefinn gaumur að því hvernig unnt er að ráða við árekstra.
- 28) Fjárfestingarannsóknir skulu vera undirflokkur þeirrar tegundar upplýsinga sem eru skilgreindar sem ráðleggingar í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/125/EB frá 22. desember 2003 um innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB að því er varðar óhlutræga kynningu ráðlegginga um fjárfestingu og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra ⁽¹⁾ en gildir um fjármálagerninga eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun 2004/39/EB. Ráðleggingar, af þeirri gerð sem er skilgreind þannig, sem fela ekki í sér fjárfestingarannsóknir eins og þær eru skilgreindar í þessari tilskipun, falla engu að síður undir ákvæði

(¹) Stjtið. ESB L 339, 24.12.2003, bls. 73.

tilskipunar 2003/125/EB að því er varðar óhlutdræga kynningu ráðlegginga um fjárfestingar og birtingu upplýsinga um hagsmunaárekstra.

- 29) Ráðstafanir og fyrirkomulag, sem fjárfestingafyrirtæki samþykkir til að hafa stjórn á hagsmunaárekstrum sem geta orðið vegna framleiðslu og dreifingar efnis sem er sett fram sem fjárfestingarannsóknir, skulu vera með þeim hætti að þær verndi hlutlægni og óhæði fjármálasérfræðinga og fjárfestingarannsóknanna sem þeir vinna að. Þessar ráðstafanir og fyrirkomulag skulu tryggja að fjármálasérfræðingar njóti viðunandi sjálfstæðis vegna hagsmuna aðila sem bera ábyrgð eða hafa viðskiptahagsmuna að gæta og sem sennilegt má telja að rekist á hagsmuni þeirra aðila sem fjárfestingarannsókninni er dreift til.
- 30) Meðal þeirra aðila sem bera ábyrgð eða hafa viðskiptahagsmuna að gæta, sem sennilegt má telja að rekist á hagsmuni þeirra aðila sem fjárfestingarannsóknin er dreift til, skal telja starfslíð sem sinnir fjármálum og rekstri fyrirtækisins og aðila sem annast sölu og viðskipti fyrir hönd viðskiptavina eða fyrirtækisins.
- 31) Meðal sérstakra aðstæðna þar sem fjármálasérfræðingum og öðrum aðilum, sem eru tengdir fjárfestingafyrirtækinu og taka þátt í vinnu við fjárfestingarannsóknir, er heimilt, að fengnu fyrirframsamþykki, að annast einkaviðskipti með gerninga sem rannsóknin snertir, skulu teljast aðstæður þar sem fjármálasérfræðingur eða annar aðili er neyddur til að ljúka stöðu af persónulegum ástæðum sem tengjast fjármálaörðugleikum.
- 32) Ekki skal líta á smágjafir eða lítinn þakklætisvott, sem er innan marka sem tilgreind eru í stefnu fyrirtækisins um hagsmunaárekstra og eru nefndar í stuttri lýsingu á þessari stefnu sem er gerð aðgengileg viðskiptavinum, sem umbun í skilningi ákvæðanna sem varða fjárfestingarannsóknir.
- 33) Hugtakið „dreifing á fjárfestingarannsóknnum til viðskiptavina eða almennings“ skal ekki fela í sér dreifingu til aðila innan samstæðu fjárfestingafyrirtækisins eingöngu.
- 34) Litið skal svo á að gildandi ráðleggingar séu þær ráðleggingar sem er að finna í fjárfestingarannsókninni og hafa ekki verið dregnar til baka eða eru fallnar úr gildi.
- 35) Sömu kröfur og gilda um gerð rannsókna skulu gilda um verulegar breytingar á fjárfestingarannsókn sem unnin er af þriðja aðila.
- 36) Fjármálasérfræðingar skulu ekki taka þátt í öðrum verkefnum en gerð fjárfestingarannsókna ef slík þátttaka samræmist því ekki að aðilinn haldi hlutlægni sinni. Að öllu jöfnu skal litið svo á að aðild að eftirfarandi sé ósamrýmanleg því að aðilinn haldi hlutlægni sinni: þátttaka í fjárfestingabankastarfsemi, s.s. rekstur fyrirtækja og váttryggingar, þátttaka í að koma nýjum viðskiptatækifærum á framfæri (pitches), kynningar á útgáfu fjármálagerninga (road shows) eða að koma á einhvern hátt að undirbúningi að markaðssetningu útgefanda.
- 37) Með fyrirvara um ákvæði þessarar tilskipunar, varðandi vinnu við eða dreifingu á fjárfestingarannsóknnum, er mælt með því að aðilar sem vinna við fjárfestingarannsóknir og eru ekki fjárfestingafyrirtæki ihugi að koma á innri stefnu og ferlum í því skyni að tryggja að þeir uppfylli einnig þær meginreglur sem settar eru fram í þessari tilskipun að því er varðar verndun sjálfstæðis og hlutlægni þessara rannsókna.
- 38) Kröfur sem gerðar eru samkvæmt þessari tilskipun, þ.m.t. kröfur sem tengjast einkaviðskiptum, sem varða vitneskju um fjárfestingarannsóknir og gerð eða dreifingu fjárfestingarannsókna, gilda með fyrirvara um aðrar kröfur tilskipunar 2004/39/EB og tilskipunar Evrópuráðsins og þingsins 2003/6/EB frá 28. janúar 2003 um innherjasvik og markaðsmisnotkun (markaðssvik) ⁽¹⁾ og framkvæmdarráðstafanir hvorrar tilskipunar um sig.
- 39) Að því er varðar ákvæði þessarar tilskipunar sem snerta umbun skal litið þannig á að taki fjárfestingafyrirtæki við umboðslaunum í tengslum við fjárfestingaráðgjöf eða almennar ráðleggingar og aðstæður eru þannig að ekki gætir hlutdrægni í ráðgjöfinni eða ráðleggingunum vegna móttækinnu umboðslauna hafi það þau áhrif að gæði fjárfestingaráðgjafarinnar sem viðskiptavinurinn fær verða meiri.
- 40) Með þessari tilskipun er fjárfestingafyrirtækjum gefið færi á að veita eða taka á móti tiltekinni umbun en þó aðeins með sérstökum skilyrðum, og að því tilskildu að viðskiptavinurinn sé upplýstur um þau, eða að umbun sé veitt viðskiptavininum eða hann veiti hana eða aðili fyrir hönd viðskiptavinarins.
- 41) Í þessari tilskipun er þess krafist að fjárfestingafyrirtæki, sem veita nýjum, almennum viðskiptavinum aðra fjárfestingaþjónustu en fjárfestingaráðgjöf, geri skriflegan grunnsamning við viðskiptavininn þar sem helstu réttindi og skuldbindingar fyrirtækisins og viðskiptavinarins eru fastsett. Í henni eru hins vegar ekki gerðar neinar aðrar kröfur að því er varðar form, innihald og árangur samninga um að veita fjárfestingaþjónustu eða viðbótarþjónustu.
- 42) Í þessari tilskipun eru kröfur um markaðsefni aðeins settar fram að því er varðar skuldbindinguna í 2. mgr. 19. gr. tilskipunar 2004/39/EB þess efnis að upplýsingar til viðskiptavina, þ.m.t. markaðsefni, skulu vera sanngjarnar, skýrar og ekki villandi.
- 43) Í þessari tilskipun er ekkert sem krefst þess að lögbær yfirvöld samþykki innihald og form markaðsefnis. Ákvæði hennar koma þó ekki í veg fyrir að þau geri það, að svo miklu leyti sem slíkt fyrirframsamþykki er aðeins byggt á því að farið sé að skuldbindingu í tilskipun

(¹) Stjtið. ESB L 96, 12.4.2003, bls. 16.

2004/39/EB um að upplýsingar til viðskiptavina, þ.m.t. markaðsefni, séu sanngjarnar, skýrar og ekki villandi.

- 44) Setja skal viðeigandi og hóflegar upplýsingakröfur þar sem tekið er tillit til stöðu viðskiptavinarins, annaðhvort sem almenns viðskiptavinar eða fagviðskiptavinar. Eitt markmið tilskipunar 2004/39/EB er að tryggja að hóflegt jafnvægi ríki milli fjárfestaverndar og upplýsingaskyldu sem gilda um fjárfestingafyrirtæki. Rétt er að í þessu skyni séu einnig hafðar í þessari tilskipun sérstakar kröfur um upplýsingar sem eru vægari að því er varðar fagviðskiptavinir heldur en almenna viðskiptavinir. Með örfáum undantekningum skulu fagviðskiptavinir sjálfir geta gengið úr skugga um hvaða upplýsingar eru þeim nauðsynlegar til að taka upplýsta ákvörðun og beðið fjárfestingafyrirtækið um að veita þessar upplýsingar. Þegar slíkar upplýsingabeirni eru sanngjarnar og hóflegar skulu fjárfestingafyrirtækin veita viðbótarupplýsingar.
- 45) Fjárfestingafyrirtæki skulu veita viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum viðeigandi upplýsingar um eðli fjármálagerninga og áhættu, sem fylgir fjárfestingum í þeim, svo að viðskiptavinir þeirra geti í hvert sinn tekið ákvörðun um fjárfestingar á nægilega vel upplýstum grundvelli. Mismunandi getur verið hversu ítarlegar þessar upplýsingar eru eftir því hvort viðskiptavinurinn er flokkaður sem almennur viðskiptavinur eða fagviðskiptavinur og eftir því hvernig áhættulýsing fjármálagerninganna, sem eru í boði, er en upplýsingarnar skulu aldrei vera það almennar að ýmis grundvallaratriði vanti. Hugsanlegt er að um suma fjármálagerninga nægi einungis upplýsingar um tegund gerningsins en varðandi aðra verður að lýsa vörinni til hlítar í upplýsingunum.
- 46) Skilyrðin, sem upplýsingar sem fjárfestingafyrirtæki beina að viðskiptavinum og hugsanlegum viðskiptavinum verða að uppfylla svo að þær séu sanngjarnar, skýrar og ekki villandi, skulu gilda um orðsendingar til almennra viðskiptavina með þeim hætti sem er viðeigandi og hóflegur og í þeim er t.d. tekið tillit til miðlunaraðferðarinnar og upplýsinganna sem komið skal á framfæri við viðskiptavinir eða hugsanlega viðskiptavinir í orðsendingunni. Einkum væri ekki viðeigandi að slík skilyrði giltu um markaðsefni sem fela í sér aðeins eitt eða fleira af eftirfarandi: heiti fyrirtækis, kennimerki eða annað myndmerki sem tengist fyrirtækinu, tengilið, tilvísun til þeirra tegunda fjárfestingaþjónustu sem fyrirtækið veitir eða til þóknana þess eða umboðslauna.
- 47) Í tilskipun 2004/39/EB og þessari tilskipun skulu upplýsingar taldar vera villandi ef í þeim gætir tilhneigingar til að villa um fyrir aðilanum eða aðilunum, sem þær eru ætlaðar eða þeim sem líklegt er að taki við þeim, hvort sem aðilinn, sem veitir upplýsingarnar, telur að þær séu villandi eða ekki eða hefur vísitandi eða óvísitandi gert þær villandi.
- 48) Við ákvörðun á því hvenær upplýsingar teljast vera veittar á réttum tíma fyrir þann tíma sem tilgreindur er í þessari tilskipun skal fjárfestingafyrirtæki taka tillit til þess, með hliðsjón af því hve aðkallandi aðstæður eru og hve langan tíma viðskiptavinurinn þarf til að komast til botns í og bregðast við þeim sérstöku upplýsingum sem veittar eru, að viðskiptavinurinn þarf nægan tíma til að lesa og skilja þær áður en hann tekur ákvörðun um fjárfestingu. Líklegt er að viðskiptavinurinn þurfi skemmi tíma til kynna sér upplýsingar um einfalda eða staðlaða vöru eða þjónustu eða sams konar vöru eða þjónustu og hann hefur áður keypt heldur en ef um er að ræða flóknari eða óþekktu vöru eða þjónustu.
- 49) Engin ákvæði í þessari tilskipun skylda fjárfestingafyrirtæki til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar, samstundis eða samtímis, um fjárfestingafyrirtækið, fjármálagerninga, kostnað og tengd gjöld eða varðandi varðveislur fjármálagerninga viðskiptavinar eða fjármuna viðskiptavinar að því tilskildu að þeir uppfylli almennu skuldbindinguna um að veita viðeigandi upplýsingar með góðum fyrirvara fyrir þann tíma sem er tilgreindur í þessari tilskipun. Að því tilskildu að upplýsingunum sé komið til viðskiptavinarins með góðum fyrirvara áður en þjónustan er veitt eru engin ákvæði í þessari tilskipun sem skylda fyrirtæki til að veita þær annaðhvort sérstaklega eða sem hluta af markaðsefni eða með því að fella þær inn í samning við viðskiptavin.
- 50) Í því tilviki að þess sé krafist að fjárfestingafyrirtæki veiti viðskiptavinir upplýsingar áður en þjónusta er veitt skal ekki líta þannig á að sérhver viðskipti, sem varða sömu tegund fjármálagernings, samsvari því að veitt sé ný eða annars konar þjónusta.
- 51) Þegar þess er krafist að fjárfestingafyrirtæki, sem veitir eignastýringaþjónustu, veiti almennum viðskiptavinum eða hugsanlegum, almennum viðskiptavinum upplýsingar um gerðir fjármálagerninga sem geta verið í eignasafni viðskiptavinarins og tegundir viðskipta sem hægt er að gera með slíkum gerningum, skal sérstaklega tekið fram í þessum upplýsingum hvort fjárfestingafyrirtækið verður skuldbundið til að fjárfesta í fjármálagerningum, sem ekki eru skráðir á skipulegan markað, í afleiðum eða í tørseljanlegum eða mjög sveiflukenndum gerningum eða að þess sé krafist að það taki að sér skortsölu, kaup með lánsfé, fjármögnunarviðskipti með verðbréfum eða önnur viðskipti sem fela í sér tryggingagreiðslur, innlagningu veðtryggingar eða gengisáhættu.
- 52) Ef fjárfestingafyrirtæki veitir viðskiptavinir afrit af útboðs- og skráningarlýsingu, sem hefur verið samin og birt í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar⁽¹⁾, skal ekki farið með það sem tilvik þar sem fyrirtækið veitir viðskiptavinir upplýsingar vegna rekstrarskilyrða, samkvæmt tilskipun 2004/39/EB, sem tengjast gæðum og innihaldi slíkra upplýsinga ef fyrirtækið ber ekki ábyrgð á upplýsingunum sem veittar eru í útboðs- og skráningarlýsingu samkvæmt þeirri tilskipun.

(¹) Stjótið. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

- 53) Meðal þeirra upplýsinga sem krafist er að fjárfestingafyrirtæki veiti almennum viðskiptavinum um kostnað og tengd gjöld eru upplýsingar um greiðslufyrirkomulag eða efndir á samningi um að veita fjárfestingaþjónustu og á öðrum samningum sem tengjast fjármálagerningi sem í boði er. Í þessu skyni er yfirleitt við hæfi að hafa sérstakt greiðslufyrirkomulag þegar samningi um fjármálagerning lýkur með uppgjöri í reiðufé. Fyrirkomulag um efndir er yfirleitt við hæfi þegar tilskilið er við lykktir fjármálagerninga að afhenda skuli hlutabréf, skuldabréf, tryggingu, gullstangir eða annan gerning eða hrávöru.
- 54) Að því er varðar fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, sem falla undir tilskipun Evrópuþingsins 85/611/EBE frá 20. desember 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu í framseljanlegum verðbréfum ⁽¹⁾, er tilgangurinn með þessari tilskipun ekki sá að setja reglur um innihald einfaldaðra útboðs- og skráningarlýsinga eins og þær eru skilgreindar í 28. gr. tilskipunar 85/611/EBE. Framkvæmd þessarar tilskipunar skal ekki hafa í för með sér að neinum upplýsingum sé bætt við einfaldaða útboðs- og skráningarlýsingu.
- 55) Í einfölduðu útboðs- og skráningarlýsingunni eru einkum veittar nægar upplýsingar í tengslum við kostnað og tengd gjöld að því er varðar verðbréfasjóðinn sjálfan. Fjárfestingafyrirtæki sem dreifa hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum skulu þó þessu til viðbótar tilkynna viðskiptavinum sínum um allan annan kostnað og tengd gjöld sem tengjast því að þau veita fjárfestingaþjónustu í tengslum við hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum.
- 56) Nauðsynlegt er að setja mismunandi ákvæði um hvort beita skuli hæfniprófinu í 4. mgr. 19. gr. tilskipunar 2004/39/EB prófinu um hvort þjónustan sé viðeigandi skv. 5. mgr. 19. gr. í tilskipuninni. Þessi próf ná til mismunandi þátta að því er varðar fjárfestingaþjónustuna sem þau tengjast og þau gegna mismunandi hlutverki og hafa mismunandi eiginleika.
- 57) Að því er varðar 4. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB geta viðskipti verið þannig að þau hæfi ekki viðskiptavininum eða hugsanlegum viðskiptavinum vegna þeirrar áhættu, sem fylgir fjármálagerningunum sem um ræðir, tegundar viðskiptanna, einkenna fyrirmællanna eða tíðni viðskiptanna. Röð viðskipta, sem eru öll við hæfi þegar þau eru skoðuð hvert fyrir sig, geta verið þannig að þau séu ekki við hæfi ef leiðbeiningarnar eða ákvarðanirnar um að eiga viðskipti eru veittar eða teknar með millibili sem er ekki hagkvæmast fyrir viðskiptavininn. Ef um er að ræða eignastýringu geta viðskipti einnig verið þannig að þau séu ekki við hæfi ef þau hafa í för með sér eignasafn sem er ekki við hæfi.
- 58) Í samræmi við 4. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB er þess eingöngu krafist að fyrirtæki meti hvort fjárfestingaþjónustan og fjármálagerningarnir séu viðeigandi fyrir viðskiptavin ef það veitir þessum viðskiptavinum fjárfestingarráðgjöf eða sér um eignastýringu fyrir hann. Ef um er að ræða aðra fjárfestingaþjónustu er þess krafist, skv. 5. mgr. 19. gr. í tilskipuninni, að fyrirtækið meti hvort fjárfestingaþjónusta eða –vara er viðeigandi fyrir viðskiptavin og, ef svo er, því aðeins ef varan er ekki boðin á grundvelli framkvæmdar fyrirmæla eingöngu,
- skv. 6. mgr. 19. gr. þessarar tilskipunar (sem á við um einfaldar vörur).
- 59) Að því er varðar ákvæði þessarar tilskipunar, þar sem þess er krafist að fjárfestingafyrirtæki meti hvort fjárfestingaþjónusta eða –vörur sem boðnar eru eða sóst er eftir eru viðeigandi, skal gera ráð fyrir að viðskiptavinur, sem tekur þátt í röð viðskipta sem felur í sér sérstaka tegund vöru eða þjónustu sem hefst fyrir gildistökudag tilskipunar 2004/39/EB, hafi þá reynslu og þekkingu, sem nauðsynleg er, til að skilja áhættuna sem tengist þessari vöru eða fjárfestingaþjónustu. Ef viðskiptavinur tekur þátt í röð viðskipta af þessari gerð í gegnum þjónustu fjárfestingafyrirtækis, sem hefst eftir gildistökudag þessarar tilskipunar, er þess ekki krafist að fyrirtækið geri nýtt mat í hvert sinn sem sérstök aðskilin viðskipti fara fram. Fyrirtækið uppfyllir skyldur sínar skv. 5. mgr. 19. gr. í tilskipuninni að því tilskildu að það geri nauðsynlegt mat á því hvort þjónustan er viðeigandi áður en það býður hana.
- 60) Ráðleggingar, beiðnir eða ráðgjöf, sem eignastjóri veitir viðskiptavinum og felur í sér að viðskiptavinurinn veiti eignastjóranum umboð eða breyti umboði hans þar sem skilgreint er innan hvaða marka eignastjórinn getur tekið ákvarðanir, skulu teljast leiðbeiningar í skilningi 4. mgr. 19. gr. tilskipunar 2004/39/EB.
- 61) Í því skyni að skera úr um hvort hlutur í sjóði um sameiginlega fjárfestingu, sem ekki uppfyllir kröfur í tilskipun 85/611/EB og leyft hefur verið að markaðssetja fyrir almenning, skal talinn einfaldur eða ekki skal m.a. taka tillit þess í aðstæðum þar sem matskerfi verða óháð útgefanda og vörsluaðili hefur umsjón með því að um þau gildi sams konar reglur og um veitanda vörsluþjónustu í aðildarríki.
- 62) Ekki er neitt í þessari tilskipun sem krefst þess að lögbær yfirvöld viðurkenni innihald grundvallarsamnings milli fjárfestingafyrirtækis og almennra viðskiptavina sinna. Hins vegar koma ákvæði hennar ekki heldur í veg fyrir að þau geri það að svo miklu leyti sem slík viðurkenning byggist einungis á því að fyrirtækið fari að skyldum sínum samkvæmt tilskipun 2004/39/EB um að starfa heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við bestu hagsmuni viðskiptavina sinna og að setja saman skrá þar sem sett eru fram réttindi og skyldur fjárfestingafyrirtækja og viðskiptavina þeirra og aðrir skilmálar sem fyrirtæki styðjast við þegar þau veita viðskiptavinum sínum þjónustu.
- 63) Skrár, sem krafist er að fjárfestingafyrirtæki haldi, skulu aðlagðar að þeirri tegund starfsemi og sviði fjárfestingaþjónustu og -starfsemi sem sinnt er, að því tilskildu að skuldbindingarnar um skráarhald, sem settar eru fram í tilskipun 2004/39/EB og þessari tilskipun, séu uppfylltar. Að því er varðar tilkynningarskyldu í tengslum við eignastýringu fela viðskipti með óvissa skuldbindingu í sér hvers konar raunverulega eða hugsanlega skuldbindingu fyrir viðskiptavininn sem er hærri en kostnaðurinn við kaup á gerningnum.

(1) Stjtið. EB L 375, 31.12.1985, bls. 3. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2005/1/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtið. ESB L 79, 24.3.2005, bls. 9).

- 64) Að því er varðar ákvæðin um upplýsingagjöf til viðskiptavina skal skilja tilvísun í tegund fyrirmæla á þá leið að hún vísi til stöðu þeirra sem skilyrtra fyrirmæla, markaðsfyrirmæla eða sérstakrar tegundar fyrirmæla.
- 65) Að því er varðar ákvæðin um upplýsingagjöf til viðskiptavina skal túlka tilvísun í tegund fyrirmæla á þá leið að hún vísi til fyrirmæla um að gerast áskrifendur að hlutabréfum, eða nýta sér valrétt eða svipuð fyrirmæli viðskiptavinar.
- 66) Við ákvörðun framkvæmdarstefnu, í samræmi við 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/39/EB, skal fjárfestingafyrirtæki ákvarða hlutfallslegt mikilvægi þáttanna, sem nefndir eru í 1. mgr. 21. gr. þeirrar tilskipunar, eða a.m.k. koma á ferli sem notað er til að ákvarða hlutfallslegt mikilvægi þessara þátta svo að það geti skilað sem bestum árangri til viðskiptavina sinna. Til þess að koma þessari stefnu í framkvæmd skal fjárfestingafyrirtæki velja þau viðskiptakerfi sem gera því kleift að ná stöðugt besta mögulega árangri við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina. Fjárfestingafyrirtæki skal beita framkvæmdarstefnu sinni gagnvart öllum fyrirmælum viðskiptavina sem það framkvæmir í því skyni að ná besta mögulega árangri fyrir viðskiptavininn í samræmi við þessa stefnu. Ekki skal litið á skuldbindinguna, samkvæmt tilskipun 2004/39/EB um að gera allar eðlilegar ráðstafanir til að ná besta mögulega árangri fyrir viðskiptavininn, sem kröfu um að fjárfestingafyrirtækið telji öll aðgengileg viðskiptakerfi með í framkvæmdarstefnu sinni.
- 67) Í því skyni að tryggja að fjárfestingafyrirtæki nái besta mögulega árangri fyrir viðskiptavininn við framkvæmd fyrirmæla frá almennum viðskiptavini, ef ekki eru fyrir hendi sérstök fyrirmæli frá viðskiptavini, skal fyrirtækið taka til athugunar alla þætti, sem gera því kleift að koma til skila besta mögulega árangri að því er varðar heildargreiðslu, og byggjast á verði fjármálagerningsins og kostnaði sem tengist framkvæmdinni. Veita má hraða, líkum á framkvæmd og greiðslu, umfangi og eðli fyrirmæla, markaðsáhrifum og hvers kyns öðrum óbeinum kostnaði vegna viðskipta forgang fram yfir beint verð og kostnað en aðeins að því marki að þessi atvöld eigi þátt í að koma til skila besta mögulegu niðurstöðu að því er varðar heildargreiðslu til hins almenna viðskiptavinar.
- 68) Þegar fjárfestingafyrirtæki framkvæmir fyrirmæli samkvæmt sérstökum fyrirmælum frá viðskiptavini skal ekki litið svo á að það hafi uppfyllt skyldur sínar um bestu framkvæmd nema að því er varðar þann hluta eða þátt fyrirmælanna sem leiðbeiningar viðskiptavinarins tengjast. Ekki skal litið svo á að sú staðreynd að viðskiptavinurinn hafi gefið sérstök fyrirmæli, sem ná til eins hluta eða þátta fyrirmælanna, feli í sér að fjárfestingafyrirtækið sé leyst undan skyldu sinni um bestu framkvæmd að því er varðar aðra hluta eða þætti í fyrirmælum viðskiptavinarins sem slík fyrirmæli ná ekki til. Fjárfestingafyrirtæki skal ekki telja viðskiptavin á að gefa sér fyrirmæli um að framkvæma fyrirmæli á ákveðinn hátt, með því að tilgreina skýrt og greinilega eða stínga óbeint upp á viðskiptavininn hvert innihald fyrirmælanna skuli vera, þegar fyrirtækið ætti með réttu að vita að líklega komi slík fyrirmæli í veg fyrir að það fái bestu mögulegu niðurstöðu fyrir þennan viðskiptavin. Þetta skal þó ekki koma í veg fyrir að fyrirtæki bjóði viðskiptavini að velja milli tveggja eða fleiri tilgreindra viðskiptakerfa, að því tilskildu að þessi kerfi séu í samræmi við framkvæmdarstefnu fyrirtækisins.
- 69) Líta ber á viðskipti fjárfestingafyrirtækis við viðskiptavin fyrir eigin reikning sem framkvæmd á fyrirmælum viðskiptavinar og falla þau því undir kröfur samkvæmt tilskipun 2004/39/EB og þessari tilskipun einkum skyldur sem tengjast bestu framkvæmd. Ef fjárfestingafyrirtæki gefur viðskiptavini hins vegar upp tilboð og það tilboð uppfyllir á þeim tíma, sem það er gert, skyldur fjárfestingafyrirtækisins, skv. 1. mgr. 21. gr. í tilskipun 2004/39/EB telst fyrirtækið uppfylla þessar sömu skyldur ef það framkvæmir tilboð sitt eftir að viðskiptavinurinn samþykkir það, að því tilskildu að tilboðið sé augljóslega ekki úrelt með tilliti til breytinga á markaðsaðstæðum og þess tíma sem líður frá því að fyrirmælin eru gefin og þar til tilboðið er samþykkt.
- 70) Skyldan til þess að ná bestu mögulegu niðurstöðu við framkvæmd fyrirmæla fyrir viðskiptavin gildir um allar tegundir fjármálagerninga. Vegna mismunandi markaðsgerðar eða gerðar fjármálagerninga getur þó verið erfitt að ákvarða og beita samræmdum staðli og ferli fyrir bestu framkvæmd sem væri lögmæt og virk fyrir alla flokka gerninga. Skyldum um bestu framkvæmd skal því beitt á þann hátt að tekið sé tillit til mismunandi aðstæðna í tengslum við framkvæmd fyrirmæla sem tengjast tilteknum tegundum fjármálagerninga. Viðskipti með sérhannaðan fjármálagerning, sem verslað er með utan markaða og felur í sér einstök samningsbundin tengsl sem eru sniðin að aðstæðum viðskiptavinarins og fjárfestingafyrirtækisins, geta t.d. ekki verið samanburðarhæf vegna bestu framkvæmdar við viðskipti með hlutabréf sem höndlað er með í miðlægðum viðskiptakerfum.
- 71) Í því skyni að ákvarða bestu framkvæmd við framkvæmd fyrirmæla almennra viðskiptavina skulu eigin umboðslaun eða þóknunir fjárfestingafyrirtækisins innifalin í kostnaði, tengdum framkvæmd sem viðskiptavinurinn er krafinn um vegna takmarkaðrar þjónustu í þeim tilvikum þegar fleiri en eitt kerfi, sem er skráð í framkvæmdarstefnu fyrirtækisins, getur framkvæmt tiltekin fyrirmæli. Í slíkum tilvikum skal taka tillit til eigin umboðslauna og kostnaðar fyrirtækisins við framkvæmd fyrirmæla í hverju tiltæku viðskiptakerfi til þess að meta og bera saman árangur fyrir viðskiptavininn sem mætti ná með því að framkvæma fyrirmælin í gegnum hvert og eitt slíkt kerfi. Það er þó ekki fyrirætluð að krefjast þess að fyrirtæki beri saman árangur sem yrði náð fyrir viðskiptavin þess á grundvelli eigin framkvæmdarstefnu og eigin umboðslauna og þóknana með þeim árangri sem hvaða annað fjárfestingafyrirtæki sem er gæti náð fyrir sama viðskiptavin á grundvelli annarrar framkvæmdarstefnu eða annars konar uppbyggingar í umboðslaunum eða

- þóknunum. Ekki er heldur ætlunin að krefjast þess að fyrirtæki beri saman mismun á umboðslaunum þess sem má rekja til mismunar í eðli þjónustunnar sem fyrirtækið veitir viðskiptavinum.
- 72) Ákvæði þessarar tilskipunar, sem kveða á um að í kostnaði við framkvæmd skuli felast eigin umboðslaun eða þóknanir fjárfestingafyrirtækisins sem viðskiptavinurinn er krafinn um vegna fjárfestingaþjónustu sem veitt er, skulu ekki gilda við ákvörðun á því hvaða viðskiptakerfi skal telja með í framkvæmdarstefnu fyrirtækisins, skv. 3. mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/39/EB.
- 73) Líta ber á það sem ósanngjarna mismunun milli viðskiptakerfa ef samsetning eða innheimta umboðslauna fjárfestingafyrirtækis er með þeim hætti að það innheimti mismunandi umboðslaun eða þau eru á mismunandi verðbili eftir viðskiptavinum fyrir framkvæmd í mismunandi viðskiptakerfum og að sá mismunur endurspeglir ekki raunverulegan mun í kostnaði fyrirtækisins við framkvæmd í þessum kerfum.
- 74) Ákvæði þessarar tilskipunar, að því er varðar framkvæmdarstefnu, eru með fyrirvara um almenna skyldu fjárfestingafyrirtækis skv. 4. mgr. 21. gr. í tilskipun 2004/39/EB um að þau hafi eftirlit með skilvirkni ráðstafana og stefnu sinnar við framkvæmd fyrirmæla og að þau meti kerfin í framkvæmdarstefnu sinni með reglulegu millibili.
- 75) Með þessari tilskipun er ekki ætlunin að krefjast tvíverknaðar við bestu framkvæmd hjá fjárfestingafyrirtæki, sem veitir þá þjónustu að taka á móti og senda áfram fyrirmæli eða eignastýringu, og hvaða fjárfestingafyrirtæki annars, sem þetta fjárfestingafyrirtæki sendir fyrirmæli um framkvæmd til.
- 76) Skyldan um bestu framkvæmd, samkvæmt tilskipun 2004/39/EB, hefur það í för með sér að fjárfestingafyrirtæki verður að gera allar eðlilegar ráðstafanir til að ná bestu mögulegu niðurstöðu fyrir viðskiptavinum sína. Gæði framkvæmdarinnar er mikilvægur þáttur í því að koma til skila bestu framkvæmd en í gæðunum felast þættir á borð við hraða og líkur á framkvæmd (uppfyllingarhraða) og möguleika á hækkuðu gengi og að það sé fyrir hendi. Aðgengi, samanburðarhæfi og samsteypa gagna, sem tengist gæðum framkvæmdarstefnu sem hin ýmsu viðskiptakerfi veita, hefur úrslitaþýðingu fyrir fjárfestingafyrirtæki og fjárfesta til að þeir geti borið kennsl á þau viðskiptakerfi sem skila mestum gæðum í framkvæmd fyrir viðskiptavinum sína. Í þessari tilskipun er þess ekki krafist að viðskiptakerfi birti gögn sín um gæði framkvæmdar þar sem viðskiptakerfum og gagnaveitum skal heimilað að þróa lausnir varðandi veitingu gagna um gæði framkvæmdar. Framkvæmdastjórnin skal skila skýrslu eigi síðar en 1. nóvember 2008 um þróun, sem markaðurinn hefur leitt á þessu sviði, í því skyni að meta aðgengi, samanburðarhæfi og samsteypu upplýsinga á evrópskum vettvangi sem varða gæði framkvæmdar.
- 77) Að því er varðar ákvæði þessarar tilskipunar um meðferð fyrirmæla viðskiptavina skal líta svo á að endurúthlutun viðskipta geti verið skaðleg viðskiptavinum ef slík endurúthlutun hefur í för með sér að fjárfestingafyrirtæki eða einhverjum tilteknum viðskiptavinum er veittur ósanngjarn forgangur.
- 78) Með fyrirvara um tilskipun 2003/6/EB, að því er varðar ákvæði þessarar tilskipunar um meðferð fyrirmæla viðskiptavinar, skal ekki farið þannig með fyrirmæli viðskiptavinar að þau séu sammanburðarhæf að öðru leyti ef annar miðill veitir þeim viðtöku og ógerlegt væri að fara með þau eftir röð. Að því er varðar frekari beitingu þessara ákvæða skal líta svo á að öll notkun fjárfestingafyrirtækis á upplýsingum, sem tengjast óafgreiddum fyrirmælum viðskiptavinar í því skyni að eiga viðskipti fyrir eigin reikning með fjármálagerningana, sem fyrirmæli viðskiptavinarins tengjast, eða með tengda fjármálagerninga, sé misnotkun á þessum upplýsingum. Sú staða þegar viðskiptavakar eða aðilar, sem hafa heimild til að koma fram sem mótaðilar með heimild til að framkvæma fyrirmæli þriðja aðila sem býr yfir innherjaupplýsingum, takmarka sig við að sinna lögmætri starfsemi við kaup og sölu fjármálagerninga eða þegar einstaklingar, sem hafa heimild til að framkvæma fyrirmæli fyrir hönd þriðju aðila, takmarka sig við að framkvæma fyrirmæli samviskusamlega, skal í sjálfu sér ekki teljast misnotkun upplýsinga.
- 79) Ekki skal líta svo á að ráðgjöf um fjármálagerninga, sem veitt er í dagblaði eða tímariti eða öðru útgáfuriti sem ætlað er almenningi (þ.m.t. á Netinu) eða í sjónvarps- eða útvarpsútsendingum, sé persónulegar leiðbeiningar í skilningi skilgreiningar á „fjárfestingarráðgjöf“ í tilskipun 2004/39/EB.
- 80) Í þessari tilskipun er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum í 11. gr. hans og 10. gr. Evrópusáttmálsans um mannréttindi. Þessi tilskipun kemur því ekki á neinn hátt í veg fyrir að aðildarríkin beiti stjórnarskrárákvæðum sínum um prentfrelsi og tjáningarfrelsi í fjölmiðlum.
- 81) Almenn ráðgjöf um tegundir fjármálagerninga er ekki fjárfestingaráðgjöf í skilningi tilskipunar 2004/39/EB vegna þess að í þessari tilskipun er tekið sérstaklega fram að í skilningi tilskipunar 2004/39/EB takmarkist fjárfestingaráðgjöf við ráðgjöf um tiltekna fjármálagerninga. Ef fjárfestingafyrirtæki veitir hins vegar viðskiptavinum ráðgjöf um tegund fjármálagerninga, sem það segir að sé viðeigandi fyrir þennan viðskiptavin eða sé miðuð út frá aðstæðum hans og þessi ráðgjöf er í raun ekki viðeigandi fyrir þennan viðskiptavin eða miðuð út frá aðstæðum hans, allt eftir því hverjar aðstæðurnar eru í því tiltekna tilviki, er líklegt að fyrirtækið brjóti þar með í bága við ákvæði 1. eða 2. mgr. 19. gr. tilskipunar 2004/39/EB. Einkum er líklegt að fyrirtæki sem veitir viðskiptavinum slíka ráðgjöf muni brjóta í bága við kröfuna í 1. mgr. 19. gr. um að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við bestu hagsmuni viðskiptavina sinna. Að sama skapi eða að öðrum kosti er líklegt að slík ráðgjöf geti brotið í bága við kröfuna sem gerð er í 2. mgr. 19. gr. um að upplýsingar frá fyrirtæki til viðskiptavinar skuli vera sanngjarnar, skýrar og ekki villandi.

- 82) Líta skal á aðgerðir af hálfu fjárfestingafyrirtækis, sem eru til undirbúnings því að veita fjárfestingaþjónustu eða að inna af hendi fjárfestingastarfsemi, sem óaðskiljanlegan hluta þeirrar þjónustu eða starfsemi. Þetta tekur t.d. til þess þegar fjárfestingafyrirtæki veitir viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum almenna ráðgjöf áður en fjárfestingaráðgjöfin er veitt eða nokkur önnur fjárfestingaþjónusta eða -starfsemi fer fram.
- 83) Veiting almennra ráðlegginga, (þ.e. ráðlegginga sem ætlaðar eru dreifileiðum eða almenningi) um viðskipti með fjármálagerning eða tegund fjármálagernings, felur í sér að veitt er viðbótarþjónusta í 5. lið í B-þætti I. viðauka tilskipunar 2004/39/EB og þar af leiðandi gilda ákvæði tilskipunar 2004/39/EB og verndarákvæði hennar um veitingu þessara ráðlegginga.
- 84) Leitað hefur verið til samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/527/EB ⁽¹⁾ um ráðgjöf.
- 85) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði.
- SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd ákvæða 4. gr. (4. tl. 1. mgr.) og 4. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2.-8. mgr.), 18. gr., 19. gr. (1.-6. mgr.), 19. gr. (8. mgr.) og 21., 22. og 24. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

2. Ákvæði II. kafla og 1.-4. þáttar, 45. gr. og 6-8. þáttar í III. kafla og ákvæði I. kafla og 9. þáttar í III. kafla og IV. kafla í þessari tilskipun, að því marki sem þau tengjast þessum ákvæðum, skulu gilda um rekstrarfélög í samræmi við 4. mgr. 5. gr. í tilskipun 85/611/EBE.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „dreifileiðir“: dreifileiðir í merkingu 7. mgr. 1. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2003/125/EB,
- 2) „varanlegur miðill“: sérhvert tæki sem gerir viðskiptavinum kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans persónulega, á þann hátt að hægt sé að nálgast þær til að fletta upp í

þeim síðar, í hæfilegan tíma eftir tilgangi upplýsinganna og sem gerir kleift að afrita upplýsingarnar, sem geymdar eru, óbreyttar,

- 3) „viðkomandi aðili“ merkir eitthvað af eftirfarandi þegar um er að ræða fjárfestingafyrirtæki:
- a) stjórnarmann, meðeiganda eða samsvarandi aðila, stjórnanda eða fastan umboðsmann fyrirtækisins,
- b) stjórnarmann, meðeiganda eða samsvarandi aðila, eða stjórnanda hjá föstum umboðsmanni fyrirtækisins,
- c) starfsmann fyrirtækisins eða fasts umboðsmanns fyrirtækisins og einnig aðra einstaklinga sem gegna þannig starfi að þjónusta þeirra er í höndum og undir stjórn fyrirtækisins eða fasts umboðsmanns fyrirtækisins og sá hinn sami á þátt í að veita fjárfestingaþjónustu og annast fjárfestingastarfsemi fyrirtækisins,
- d) einstakling sem á beinan þátt í að veita fjárfestingafyrirtæki eða föstum umboðsmanni þess þjónustu samkvæmt fyrirkomulagi um utankaup sem hefur þann tilgang að fyrirtækið veiti fjárfestingaþjónustu og annist fjárfestingastarfsemi,
- 4) „fjármálasérfræðingur“: aðili sem á hlut að máli og vinnur grundvallaratriði fjárfestingarannsóknna,
- 5) „samstæða“: þegar um er að ræða fjárfestingafyrirtæki, samstæða, sem fyrirtækið er hluti af, sem í eru móðurfyrirtæki, dótturfyrirtæki þess og einingar sem móðurfyrirtækið eða dótturfyrirtæki þess eiga hlutdeild í og einnig fyrirtæki sem tengjast hvert öðru með tengslum sem um getur í 1. mgr. 12. gr. tilskipunar ráðsins 83/349/EBE um samstæðureikninga ⁽²⁾,
- 6) „utankaup“: fyrirkomulag í hvaða formi sem er milli fjárfestingafyrirtækis og þjónustuveitanda og samkvæmt því sér þessi þjónustuveitandi um framkvæmd, þjónustu eða starfsemi sem fjárfestingafyrirtækið myndi annars annast,
- 7) „aðili sem viðkomandi aðili er í fjölskyldutengslum við“ merkir eitthvað af eftirfarandi:
- a) maki viðkomandi aðila eða félagi þess aðila sem telst, samkvæmt landslögum, jafngilda maka,
- b) barn eða stjúpbarn viðkomandi aðila sem er á hans framfæri,
- c) hvaða annar ættingi viðkomandi aðila sem er, sem hefur búið á sama heimili og hann í a.m.k. eitt ár miðað við þann dag sem einkaviðskiptin, sem um ræðir, fara fram,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 191, 13.7.2001, bls. 43.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 193, 18.7.1983, bls. 1.

8) „fjármögnunarviðskipti með verðbréf“ hefur sömu merkingu og í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1287/2006 ⁽¹⁾,

9) „yfirstjórn“: einn aðila eða fleiri sem í reynd stjórna viðskiptum fjárfestingafyrirtækisins eins og um getur í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

3. gr.

Skilyrði sem gilda um veitingu upplýsinga

1. Þegar þess er krafist samkvæmt þessari tilskipun að upplýsingar séu veittar á varanlegum miðli skulu aðildarríki því aðeins heimila fjárfestingafyrirtækjum að veita þessar upplýsingar á öðrum varanlegum miðli en þáttir ef:

a) veiting þessara upplýsinga á þessum miðli sé viðeigandi miðað við þær aðstæður sem viðskiptin milli fyrirtækisins og viðskiptavinarins fara fram við eða munu fara fram við og

b) sá sem á að fá upplýsingarnar kys sérstaklega að þær séu veittar á öðrum varanlegum miðli þegar hann getur valið milli upplýsinga á þáttir og annars varanlegs miðils,

2. Þegar fjárfestingafyrirtæki veitir viðskiptavinum upplýsingar skv. 29., 30., 31., 32., 33. eða 46. gr. (2. mgr.) þessarar tilskipunar gegnum vefsíðu og þessum upplýsingum er ekki beint til viðskiptavinarins persónulega skulu aðildarríkin tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) veiting þessara upplýsinga á þessum miðli sé viðeigandi miðað við þær aðstæður sem viðskiptin milli fyrirtækisins og viðskiptavinarins fara fram við eða munu fara fram við og

b) viðskiptavinurinn verður að samþykka sérstaklega að upplýsingarnar séu veittar á þessu formi,

c) tilkynna verður viðskiptavininum rafrænt um veffang vefsetursins og hvar á vefsetrinu er hægt að nálgast upplýsingarnar,

d) upplýsingarnar verða að vera uppfærðar,

e) ávallt skal unnt að nálgast upplýsingarnar á þessu vefsetri á því tímabili sem líklegt er að viðskiptavinurinn gæti þurft að skoða þær.

3. Að því er varðar þessa grein skal litið svo á að veiting upplýsinga með rafrænum samskiptaleiðum sé viðeigandi miðað við aðstæðurnar, sem viðskipti milli fyrirtækisins og viðskiptavinarins fara fram við eða munu fara fram við, ef unnt

er að færa sönnur á að viðskiptavinurinn hafi reglulega aðgang að Netinu. Litið skal á það sem slíka sönnun ef viðskiptavinurinn gefur upp netfang í því skyni að sinna þessum viðskiptum.

4. gr.

Viðbótarkröfur til fjárfestingafyrirtækja í ákveðnum tilvikum

1. Aðildarríki geta því aðeins haldið eða mælt fyrir um kröfur til viðbótar þeim sem eru í þessari tilskipun ef slíkar kröfur eru rökstuddar á hlutlægan og hóflegan hátt til að taka á sérstakri áhættu sem snýr að vernd fjárfesta eða heilleika markaðarins sem ekki er nægilega vel tekið á í þessari tilskipun og að því tilskildu að annaðhvort eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt:

a) ýmis sérstök áhætta, sem tekið er á með kröfunum, er sérstaklega mikilvæg við þær aðstæður sem eru fyrir hendi í markaðsgerðinni í viðkomandi aðildarríki,

b) í kröfunni er brugðist við áhættu eða málefnum sem koma upp eða verða augljós eftir gildistöku þessarar tilskipunar og ekki gilda aðrar reglur um þau í eða samkvæmt ráðstöfunum Bandalagsins

2. Allar kröfur, sem mælt er fyrir um skv. 1. mgr., skulu ekki takmarka eða hafa önnur áhrif á réttindi fjárfestingafyrirtækja skv. 31. og 32. gr. tilskipunar 2004/39/EB.

3. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um:

a) allar kröfur sem þau hyggjast halda áfram að gera, í samræmi við 1. mgr., fyrir lögleiðingardag þessarar tilskipunar og

b) allar kröfur sem þau hyggjast mæla fyrir um, í samræmi við 1. mgr., a.m.k. einum mánuði fyrir þann dag sem er tilgreindur sem gildistökuþingardagur þessarar kröfu.

Í hvoru tilvikinu fyrir sig skal í tilkynningunni koma fram rökstuðningur við þessa kröfu.

Framkvæmdastjórnin skal senda aðildarríkjunum tilkynningar sem henni berast í samræmi við þessa málsgrein og birta þær opinberlega á vefsetri sínu..

4. Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um beitingu ákvæða þessarar greinar eigi síðar en 31. desember 2009.

⁽¹⁾ Stjórnartíð. EB L 241, 2.9.2006, bls. 1.

II. KAFLI

SKIPULAGSKRÖFUR

1. ÞÁTTUR

Skipulag

5. gr.

(2.-8. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Almennar skipulagskröfur

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki uppfylli eftirfarandi kröfur:

- a) að koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda ferli við ákvarðanatöku og stjórnskipulag þar sem kemur skýrt fram og skjalfest er eftir hvaða leiðum skal gefa skýrslur og skipta verkefnum og ábyrgð,
- b) að tryggja að viðkomandi aðilum í þeim sé kunnugt um þau ferli sem verður að fylgja til að þeir axli réttilega þá ábyrgð sem þeir bera,
- c) að koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda viðunandi innri eftirlitskerfum sem eru til þess gerð að tryggja að ákvörðunum og ferlum sé fylgt á öllum stigum fjárfestingafyrirtækisins,
- d) að ráða starfsfólk með færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu sem nauðsynleg er til að takast á við þau ábyrgðarsvið sem þeim eru falin,
- e) að koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda skilvirkri innri skýrslugjöf og miðlun upplýsinga á öllum viðeigandi stigum í fjárfestingafyrirtækinu,
- f) að viðhalda viðunandi og skipulegum skráum um viðskipti sín og innra skipulag,
- g) að tryggja að þegar viðkomandi aðilar þar sinna margþættum störfum sínum komi það ekki í veg fyrir og ekki er líklegt að það komi í veg fyrir að þessir aðilar takist á við öll sérstök störf sín af heilindum, heiðarleika og fagmennsku.

Aðildarríki skulu tryggja, í þessu tilliti, að fjárfestingafyrirtæki taki tillit til eðlis og umfangs viðskipta fyrirtækisins og hve flókin þau eru og eðlis og umfangs fjárfestingarþjónustunnar og –starfseminnar sem stunduð er þegar þessi viðskipti fara fram.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki komi á fót, hrindi í framkvæmd og viðhaldi kerfum og ferlum sem duga til að vernda öryggi og heilleika upplýsinga og trúnað, sem á þeim hvílir, að teknu tilliti til þess hvers eðlis þær upplýsingar eru sem um ræðir.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki komi á, hrindi í framkvæmd og viðhaldi viðeigandi stefnu um samfellu í viðskiptum sem miðar að því að tryggja varðveislu mikilvægra gagna og starfsemi í því tilviki að truflun verði í kerfum þeirra eða ferlum og viðhald fjárfestingaþjónustu og –starfsemi eða, ef því verður ekki við komið, tímanlega endurheimt slíkra gagna og starfsemi og tímanlega enduruppötu fjárfestingaþjónustu og –starfsemi.

4. Aðildarríkin skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki komi á fót, hrindi í framkvæmd og viðhaldi reikningsskilaaðferðum og –ferlum sem gera þeim kleift að skila tímanlega til lögbærs yfirvalds, að beiðni þess, reikningsskilum sem gefa glögga mynd af fjárhagsstöðu þeirra og uppfylla alla gildandi reikningsskilastaðla og –reglur.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki hafi eftirlit með og meti reglulega hæfi og skilvirkni kerfa sinna, innri eftirlitskerfa og fyrirkomulags, sem komið er á í samræmi við 1.-4. mgr., og gripi til viðeigandi ráðstafana til að ráða bót á annmörkum.

6. gr.

(2. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Uppfylling ákvæða

1. Aðildarríki skulu tryggja að fjárfestingafyrirtæki komi á, hrindi í framkvæmd og viðhaldi viðeigandi stefnu og ferlum sem gerðir eru til að greina hvers konar hættu á misbrestum hjá fyrirtækinu á því að uppfylla skyldur sínar, samkvæmt tilskipun 2004/39/EB, og einnig tengda hættu og að gera viðeigandi ráðstafanir og koma á fót ferlum sem eru til þess ætluð að lágmarka slíka hættu og til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að beita valdi sínu á skilvirkan hátt samkvæmt þessari tilskipun. Aðildarríki skulu tryggja, í þessu tilliti, að fjárfestingafyrirtæki taki tillit til eðlis og umfangs viðskipta fyrirtækisins og hve flókin þau eru og eðlis og umfangs fjárfestingarþjónustunnar og –starfseminnar sem stunduð er þegar þessi viðskipti fara fram.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki komi á og viðhaldi stöðugri og skilvirkri regluvörslustarfsemi sem er óháð og ber ábyrgð á eftirfarandi:

- a) að fylgjast með og meta reglulega hæfi og skilvirkni ráðstafana og ferla sem komið er á í samræmi við fyrsta undirlíð 1. mgr. og aðgerða sem gripið er til að taka á misbrestum hjá fyrirtækinu á að uppfylla skyldur sínar,
- b) að veita viðkomandi aðilum, sem bera ábyrgð á að annast fjárfestingaþjónustu og –starfsemi, ráðgjöf og aðstoð til að uppfylla skyldur fyrirtækisins, samkvæmt tilskipun 2004/39/EB.

3. Til þess að tryggja að regluvörslustarfsemin geti sinnt skyldum sínum á réttan og óháðan hátt skulu aðildarríki krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki tryggji að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) regluvörslustarfsemin verður að hafa nauðsynlegt valdsvið, úrræði, sérfræðipækkingu og aðgang að öllum upplýsingum sem skipta máli,
- b) tilnefna skal eftirlitsfulltrúa sem skal bera ábyrgð á aðgerðum til regluvörslu og allri skýrslugjöf varðandi uppfyllingu ákvæða sem krafist er skv. 2. mgr. 9. gr.,
- c) viðkomandi aðilar, sem taka þátt í aðgerðum til regluvörslu, skulu ekki taka þátt í að inna af hendi þjónustu eða sinna starfsemi sem þeir hafa eftirlit með,
- d) sú aðferð sem beitt er við ákvörðun á greiðslu til viðkomandi aðila, sem taka þátt í aðgerðum til regluvörslu, skal ekki skaða hlutlægni þeirra og ekki skulu vera líkur á því að hún muni verða til þess.

Þess skal þó ekki krafist að fjárfestingafyrirtæki uppfylli c- eða d-lið ef því er unnt að sýna fram á að vegna eðlis og umfangs viðskipta þess og hve flókin þau eru og vegna eðlis og umfangs fjárfestingaþjónustu- og starfsemi er krafa sem gerð er, samkvæmt þessum lið, ekki hófleg og að aðgerðir þess við regluvörslu beri áfram árangur

7. gr.

(annar undirliður 5. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Áhættustjórnun

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki grípi til eftirfarandi aðgerða:

- a) að koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda viðunandi áhættustjórnunarstefnu og –ferlum þar sem greind hefur verið sú áhætta sem tengist starfsemi, ferlum og kerfum fyrirtækisins og ákvarða, þar sem við á, það áhættustig sem fyrirtækið þolir,
- b) að koma á skilvirku fyrirkomulagi, ferlum og leiðum til að stjórna áhættu sem tengist starfsemi, ferlum og kerfum fyrirtækisins í ljósi þeirra áhættuþolmarka,
- c) að hafa eftirlit með eftirfarandi atriðum:
 - i) hæfi og skilvirkni í áhættustjórnunarstefnu og –ferli fjárfestingafyrirtækisins,
 - ii) að hve miklu marki fjárfestingafyrirtækið og viðkomandi aðilar hjá því fara að fyrirkomulagi, ferlum og leiðum sem komið er á í samræmi við b-lið,
 - iii) hæfi og skilvirkni ráðstafana, sem gerðar eru til að ráða bót á hvers konar annmörkum í þessari stefnu, verklagsreglum, fyrirkomulagi, ferlum og leiðum, þ.m.t. ef misbrestur verður á því hjá viðkomandi aðilum að fylgja slíku fyrirkomulagi, ferlum og leiðum eða fylgja slíkri stefnu og verklagi.

2. Þar sem það er viðeigandi og hæfilegt með tilliti til eðlis og umfangs viðskipta og hve flókin þau eru og eðlis og umfangs fjárfestingaþjónustu og –starfsemi, sem sinnt er þegar slík viðskipti fara fram, skulu aðildarríki krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki komi á og viðhaldi óháðri áhættustjórnunarstarfsemi sem sér um eftirfarandi verkefni:

- a) framkvæmd stefnunnar og verklagsins sem um getur í 1. mgr.,
- b) veita yfirstjórn upplýsingar og ráð í samræmi við 2. mgr. 9. gr.

Ef þess er ekki krafist samkvæmt fyrsta undirliði að fjárfestingafyrirtæki komi á og viðhaldi óháðri áhættustjórnunarstarfsemi verður það engu að síður að geta sýnt fram á að stefna og verklag, sem það hefur komið á í samræmi við 1. mgr., uppfylli kröfur í þeirri málsgrein og séu ætíð virk.

8. gr.

(annar undirliður 5. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Innri endurskoðun

Þar sem það er viðeigandi og hæfilegt með tilliti til eðlis og umfangs viðskipta og hve flókin þau eru og eðlis og umfangs fjárfestingaþjónustu og –starfsemi, sem sinnt er þegar slík viðskipti fara fram, skulu aðildarríki krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki komi á og viðhaldi aðferð við innri endurskoðun sem er aðskilin og óháð öðrum verkefnum og starfsemi fjárfestingafyrirtækisins og sem sinnir eftirfarandi ábyrgðarhlutverkum:

- a) að koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda endurskoðunaráætlun til að rannsaka og meta hæfi og skilvirkni kerfa fjárfestingafyrirtækisins, innri eftirlitskerfa og fyrirkomulags,
- b) að gefa út tilmæli sem byggjast á niðurstöðu vinnu sem innt er af hendi í samræmi við a-lið,
- c) að staðfesta að þessum ráðleggingum hafi verið fylgt,
- d) að gefa skýrslur í tengslum við innri endurskoðun í samræmi við 2. mgr. 9. gr.

9. gr.

(2. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Ábyrgðarsvið yfirstjórnar

1. Við skiptingu innri verkefna skulu aðildarríki krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki tryggji að yfirstjórn og eftirlitsaðgerðir, þar sem við á, beri ábyrgð á að tryggja að fyrirtækið uppfylli skyldur sínar samkvæmt tilskipun 2004/39/EB.

Einkum skal þess að krafist að yfirstjórn og eftirlitsaðgerðir, þar sem við á, meti og endurskoði reglulega skilvirkni stefnu, fyrirkomulags og verklags, sem komið hefur verið á til að uppfylla skyldur, samkvæmt tilskipun 2004/39/EB, og geri viðeigandi ráðstafanir til að ráða bót á hvers konar annmörkum.

12. gr.

(2. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki tryggji að yfirstjórn þeirra fái reglulega og a.m.k. árlega skriflegar skýrslur um málefni, sem ákvæði 6., 7. og 8. gr. taka til, þar sem einkum kemur fram hvort viðeigandi ráðstafanir hafi verið gerðar ef annmarkar eru fyrir hendi.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki tryggji að eftirlitsstarfseiningin, ef einhver er, fái með reglulegu millibili í hendur skriflegar skýrslur um sömu málefni.

4. Í þessari grein merkir „eftirlitsstarfseining“ starfseiningu innan fjárfestingafyrirtækis sem ber ábyrgð á eftirliti með yfirstjórn.

10. gr.

(2. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Meðferð kvartana

Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki komi á fót, hrindi í framkvæmd og viðhaldi skilvirku og gagnsæju verklagi til að meðferð kvartana, sem berast frá almennum viðskiptavinum eða hugsanlegum almennum viðskiptavinum, sé sanngjörn og hröð og að þau haldi skrá yfir hverja kvörtun og þær ráðstafanir sem gripð er til við úrlausn hennar.

11. gr.

(2. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Inntak einkaviðskipta

Í skilningi 12. og 25. gr. merkir hugtakið einkaviðskipti viðskipti með fjármálagerning sem eru gerð af eða fyrir hönd viðeigandi aðila og a.m.k. ein af eftirfarandi viðmiðunum eru uppfylltar:

- a) þessi viðkomandi einstaklingur starfar utan ramma þeirrar starfsemi sem hann innir af hendi sem viðeigandi einstaklingur,
- b) viðskiptin eru innt af hendi fyrir reikning einhvers af eftirfarandi aðilum:
 - i. viðkomandi aðila,
 - ii. einhvers aðila sem sá aðili er tengdur fjölskylduböndum eða sem hann er í nánum tengslum við,
 - iii. aðila sem er í þannig tengslum við viðkomandi aðila að viðkomandi aðili hefur beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta við niðurstöðu viðskiptanna að undanskilinni þóknun eða umboðslaunum fyrir framkvæmd viðskiptanna.

Einkaviðskipti

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki komi á, hrindi í framkvæmd og viðhaldi viðunandi fyrirkomulagi, sem miðar að því að koma í veg fyrir eftirfarandi starfsemi ef um er að ræða einhvern viðkomandi aðila sem tekur þátt í starfsemi sem gæti valdið hagsmunaárekstrum eða hefur aðgang að innherjaupplýsingum, í skilningi 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB, eða öðrum trúnaðarupplýsingum sem tengjast viðskiptavinum eða viðskiptum við eða fyrir viðskiptavini á grundvelli starfsemi sem hann innir af hendi sjálfur eða fyrir hönd fyrirtækisins:

- a) að stofna til einkaviðskipta sem uppfylla a.m.k. eina af eftirfarandi viðmiðunum:
 - i. þessum aðila er bannað að stofna til þeirra samkvæmt tilskipun 2003/6/EB,
 - ii. þau fela í sér misnotkun eða óviðeigandi birtingu þessara trúnaðarupplýsinga,
 - iii. þau stangast á við eða eru líkleg til að stangast á við skyldu fjárfestingafyrirtækja samkvæmt tilskipun 2004/39/EB,
 - b) að gefa einhverjum öðrum aðila ráð eða aðstoða hann á annan hátt en rétt er í starfi sínu eða samningi um þjónustu við að stofna til viðskipta með fjármálagerninga, sem myndu falla undir a-lið eða a- eða b-lið 2. mgr. 25. gr. eða 3. mgr. 47. gr., ef um væri að ræða einkaviðskipti viðkomandi aðila,
 - c) að veita nokkrum öðrum aðila upplýsingar eða álit, með fyrirvara um a-lið 3. gr. í tilskipun 2003/6/EB, aðrar en þær sem um er að ræða í venjubundnu starfi eða samningi um þjónustu ef viðkomandi aðili veit eða ætti með réttu að vita að með slíkri tilkynningu muni hinn aðilinn grípa til annars hvors eftirfarandi ráðs eða líklegt er að hann geri það:
 - i) að stofna til viðskipta með fjármálagerninga, sem falla myndu undir a-lið eða a- eða b-lið 2. mgr. 25. gr. eða 3. mgr. 47. gr., ef um væri að ræða einkaviðskipti viðkomandi aðila,
 - ii) að ráðleggja eða aðstoða hann við að stofna til slíkra viðskipta.
2. Fyrirkomulagið, sem krafist er skv. 1. mgr., verður einkum að vera þannig að tryggt sé að:
- a) sérhverjum viðkomandi aðila, sem fellur undir 1. mgr., sé kunnugt um takmarkanir um einkaviðskipti og þær ráðstafanir sem fjárfestingafyrirtækið hefur komið á í

tengslum við einkaviðskipti og birtingu í samræmi við 1. mgr.,

- b) fyrirtækinu sé tilkynnt tafarlaust um öll einkaviðskipti, sem viðkomandi aðili stofnar til, annaðhvort með tilkynningu um þessi viðskipti eða með öðrum leiðum þannig að fyrirtækinu sé unnt að auðkenna slík viðskipti.

Ef um er að ræða utankaupafyrirkomulag skal fjárfestingafyrirtækið tryggja að fyrirtækið, sem tekur að sér utankeyptu starfsemi, haldi skrá yfir einkaviðskipti, sem sérhver viðkomandi aðili stofnar til, og veiti fjárfestingafyrirtækinu þessar upplýsingar tafarlaust að beiðni þess,

- c) haldin sé skrá um einkaviðskipti, sem fyrirtækinu er tilkynnt um eða það auðkennir, þ.m.t. öll leyfi eða bönn í tengslum við slík viðskipti.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um eftirfarandi einkaviðskipti:

- a) einkaviðskipti sem framkvæmd eru samkvæmt valfrjálsri eignastýringarþjónustu þar sem engin samskipti hafa áður farið fram í tengslum við viðskiptin milli eignasafnsstjórans og viðkomandi aðila eða annars aðila þar sem viðskiptin fara fram fyrir reikning hans,
- b) einkaviðskipti í hlutdeildarskránum í sameiginlegum fyrirtækjum sem uppfylla þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að njóta réttinda sem ákvæði tilskipunar 85/611/EBE veita eða falla undir eftirlit, samkvæmt lögum aðildarríkis, þar sem gerð er krafa um sambærilega áhættudreifingu eigna þeirra í því tilviki að viðkomandi aðili og hvaða annar aðili sem er, þar sem viðskiptin fara fram fyrir hans reikning, taki ekki þátt í stjórnun þessa fyrirtækis.

2. ÞÁTTUR

Utankaup

13. gr.

(2. mgr. 13. gr. og fyrsti undirliður 5. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Skilgreining á brýnum og mikilvægum rekstrarþáttum

1. Rekstrarþáttur skal talinn vera, að því er varðar fyrsta undirlið 5. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB, brýnn eða mikilvægur þáttur ef annmarki eða misbrestur á framkvæmd hans yrði til þess að skaða verulega getu fjárfestingafyrirtækisins til að uppfylla áfram skilyrði og skyldur, sem fylgja leyfi þess, eða aðrar skyldur, samkvæmt tilskipun 2004/39/EB, eða rekstrarangur þess eða styrkleika og samfelli í fjárfestingaþjónustu þess og -starfsemi.

2. Með fyrirvara um stöðu annarra þátta skulu eftirfarandi þættir ekki taldir vera brýnir eða mikilvægir þættir í skilningi 1. mgr.:

- a) þegar fyrirtæki veitir ráðgjafarþjónustu og aðra þjónustu, sem er ekki hluti af fjárfestingarviðskiptum fyrirtækisins, þ.m.t. að veita fyrirtækinu lögfræðiráðgjöf, að þjálfa starfsfólk fyrirtækisins, reikningagerð og öryggi í húsakynnum fyrirtækisins og hjá starfsfólki þess,
- b) kaup á staðlaðri þjónustu, þ.m.t. þjónusta vegna markaðsupplýsinga og verðupplýsingar.

14. gr.

(2. mgr. 13. gr. og fyrsti undirliður 5. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Skilyrði fyrir utankaupum á brýnum eða mikilvægum rekstrarþáttum eða fjárfestingaþjónustu eða -starfsemi

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar fjárfestingafyrirtæki kaupa utan að brýna eða mikilvæga rekstrarþætti eða fjárfestingaþjónustu eða -starfsemi halda fyrirtækin áfram að bera fulla ábyrgð á því að sinna öllum skyldum sínum samkvæmt tilskipun 2004/39/EB, einkum að uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) utankaupin mega ekki hafa í för með sér að yfirstjórn feli öðrum þá ábyrgð sem hún ber,
- b) óheimilt er að breyta tengslum og skyldum fjárfestingafyrirtækis gagnvart viðskiptavinum sínum samkvæmt skilmálum tilskipunar 2004/39/EB
- c) ekki er heimilt að rýra skilyrði sem fjárfestingafyrirtækið verður að uppfylla til þess að fá leyfi í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2004/39/EB og halda því,
- d) ekki er heimilt að fella niður önnur skilyrði sem leyfi fyrirtækisins byggist á eða breyta þeim.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki sýni tilhlýðilega færni, aðgát og kostgæfni þegar þau stofna til, fara með eða binda endi á hvers kyns fyrirkomulag um utankaup þjónustuveitanda brýnna eða mikilvægra rekstrarþátta eða fjárfestingaþjónustu eða -starfsemi.

Einkum skulu fjárfestingafyrirtæki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

- a) þjónustuveitandi verður að hafa hæfni, getu og öll leyfi, sem krafist er samkvæmt lögum, til að inna af hendi utankeyptu verkefni, þjónustuna eða starfsemi af áreiðanleika og fagmennsku,

- b) þjónustuveitandinn verður að inna af hendi utankeypta þjónustu með skilvirkum hætti og í þessu skyni verður fyrirtækið að koma á aðferðum til að meta frammistöðu þjónustuveitandans,
- c) þjónustuveitandinn verður að hafa nægilegt eftirlit með því að inna af hendi utankeyptu verkefni og stjórn á viðunandi hátt áhættunni sem tengist utankaupnum,
- d) grípa verður til viðeigandi aðgerða ef svo virðist sem þjónustuveitandinn inni ekki verkefni af hendi með nógu skilvirkum hætti og í samræmi við gildandi lög og lagaskilyrði,
- e) fjárfestingafyrirtækið verður að viðhalda þeirri sérfræðipækkingu, sem nauðsynleg er til að hafa eftirlit með utankeyptu verkefnum á skilvirkan hátt og stýra áhættu, sem tengist utankaupnum, og verður að hafa eftirlit með þessum störfum og stýra þessum áhættuþáttum,
- f) þjónustuveitandinn verður að upplýsa fjárfestingafyrirtækið um hvers kyns þróun sem gæti haft veruleg áhrif á getu þess til að inna af hendi utankeypt störf á skilvirkan hátt og í samræmi við gildandi lög og lagaskilyrði,
- g) fjárfestingafyrirtækjum verður að vera unnt að binda endi á fyrirkomulag um utankaup, ef þarf, án þess að það skaði samfellda þjónustu, sem það veitir viðskiptavinum sínum, og gæði hennar,
- h) þjónustuveitandinn verður að hafa samstarf við lögbær yfirvöld fjárfestingafyrirtækisins í tengslum við utankeyptu starfsemina,
- i) fjárfestingafyrirtækið, endurskoðendur þess og viðkomandi lögbær yfirvöld verða að hafa skilvirkan aðgang að gögnum, sem tengjast utankeyptu starfsemi, og einnig að starfsstöð þjónustuveitandans og lögbærum yfirvöldum verður að vera unnt að nýta sér þessi réttindi til að hafa aðgang þar að,
- j) þjónustuveitandinn verður að vernda trúnaðarupplýsingar sem tengjast fjárfestingafyrirtækinu og viðskiptavinum þess,
- k) fjárfestingafyrirtækið og þjónustuveitandinn verða að koma á, hrinda í framkvæmd og viðhalda viðbúnaðaráætlun fyrir endurheimt gagna og reglubundnar prófanir á afritunarbúnaði þar sem slíkt er nauðsynlegt með tilliti til starfsins, þjónustunnar eða starfseminnar sem er utankeypt.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að viðkomandi réttindum og skyldum fjárfestingafyrirtækja og þjónustuveitanda sé úthlutað með skýrum hætti og þau séu sett fram í skriflegum samningi.

4. Aðildarríki skulu kveða á um að ef fjárfestingafyrirtæki og þjónustuveitandi tilheyra sömu samstæðu sé fjárfestingafyrirtækinu heimilt, í því skyni að uppfylla ákvæði þessarar greinar og 15. gr., að taka mið af því að hve miklu

leyti fyrirtækið hefur yfirráð yfir þjónustuveitandanum eða getu til að hafa áhrif á aðgerðir hans.

5. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki hafi allar upplýsingar tiltækar fyrir lögbæra yfirvaldið til þess að gera yfirvaldinu kleift að hafa eftirlit með því að farið sé að kröfum þessarar tilskipunar við framkvæmd utankeyptu starfseminnar.

15. gr.

(2. mgr. 13. gr. og fyrsti undirliður 5. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Þjónustuveitendur í þriðju löndum

1. Til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í 14. gr., skulu aðildarríkin krefjast þess að í því tilviki að fjárfestingafyrirtæki utankaupi frá þjónustuveitanda í þriðja landi fjárfestingaþjónustu við eignastýringu, sem veitt er almennum viðskiptavinum, tryggji þetta sama fjárfestingafyrirtæki að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) þjónustuveitandinn skal hafa starfsleyfi og vera skráður í heimalandi sínu til þess að veita þessa þjónustu og skal sæta varfærnisefirliti,
- b) viðeigandi samstarfssamningur skal vera fyrir hendi milli lögbærs yfirvalds fjárfestingafyrirtækisins og eftirlitsyfirvalds þjónustuveitandans.

2. Í því tilviki að annað eða bæði þeirra skilyrða, sem nefnd eru í 1. mgr., séu ekki uppfyllt getur fjárfestingafyrirtæki utankaupi fjárfestingaþjónustu frá þjónustuveitanda, sem er í þriðja landi, þó einungis ef fyrirtækið tilkynnir lögbæru yfirvaldi sínu um utankaupafyrirkomulagið áður og lögbæra yfirvaldið andmælir ekki þessu fyrirkomulagi innan hæfilegs frests eftir að því hefur borist þessi tilkynning.

3. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. skulu aðildarríki birta eða krefjast þess að lögbær yfirvöld birti yfirlýsingu um stefnu í tengslum við utankaup sem fellur undir 2. mgr. Í þessari yfirlýsingu skulu gefin dæmi um tilvik þar sem lögbært yfirvald myndi ekki, eða myndi að líkindum ekki, andmæla utankaupum skv. 2. mgr. ef annað eða bæði skilyrðin í a- og b-lið eru ekki uppfyllt. Í henni skal vera greinilega útskýrt hvers vegna lögbæra yfirvaldið álitur að í slíkum tilvikum myndu utankaup ekki skerða getu fjárfestingafyrirtækja til að uppfylla skyldur sínar skv. 14. gr.

4. Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki að neinu leyti skyldur sem fjárfestingafyrirtæki hafa til að uppfylla kröfur 14. gr.

5. Lögbær yfirvöld skulu birta skrá yfir eftirlitsyfirvöld í þriðju löndum sem þau hafa gert samstarfssamninga við og sem eiga við að því er varðar b-lið 1. mgr.

3. ÞÁTTUR

Verndun eigna viðskiptavina

16. gr.

(7. og 8. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Verndun fjármálagerninga og sjóða viðskiptavina

1. Í því skyni að vernda réttindi viðskiptavina í tengslum við fjármálagerninga og fjármuni í eigu þeirra skulu aðildarríki krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki uppfylli eftirfarandi kröfur:

- a) þau skulu halda skrár og reikninga, eftir því sem nauðsynlegt er, til að þeim sé unnt, hvenær sem er og án nokkurrar tafar, að aðgreina eignir sem þau varðveita fyrir einn viðskiptavin frá eignum sem þau varðveita fyrir sérhvern annan viðskiptavin og frá þeirra eigin eignum,
- b) þau verða að halda skrár sínar og reikninga þannig að tryggt sé að þeir séu áreiðanlegir og einkum að þeir samsvari fjármálagerningum og fjármunum sem þau varðveita fyrir viðskiptavini,
- c) þau verða með reglulegu millibili að stemma af innri reikninga sína og skrár við sambærilega reikninga og skrár þriðju aðila sem varðveita þessar eignir,
- d) þau verða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að unnt sé að greina sérstaklega alla fjármálagerninga viðskiptavinar, sem lagðir eru á reikning hjá þriðja aðila í samræmi við 17. gr., frá fjármálagerningum sem eru í eigu fjárfestingafyrirtækisins, og frá fjármálagerningum í eigu þriðja aðila með því að hafa mismunandi heiti á reikningum þriðja aðila eða með öðrum sambærilegum ráðstöfunum sem stuðla að sams konar vernd,
- e) þau verða að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að fjármunir viðskiptavinar sem eru, í samræmi við 18. gr., lagðir inn á reikning hjá seðlabanka, lánastofnun eða banka með starfsleyfi í þriðja landi eða hjá viðurkenndum peningamarkaðssjóði séu aðgreindir sérstaklega frá öðrum reikningum sem notaðir eru til að varðveita fjármuni í eigu fjárfestingafyrirtækisins,
- f) þau verða að innleiða fullnægjandi fyrirkomulag varðandi skipulag til að lágmarka áhættuna á að tapa eignum viðskiptavina eða rýra þær eða réttindum í tengslum við þessar eignir vegna misnotkunar á eignumum, svika, slakrar stjórnsýslu, ófullnægjandi skráningar eða vanrækslu.

2. Ef fyrirkomulag af hendi fjárfestingafyrirtækja, til uppfyllingar ákvæðum 1. mgr. um að vernda réttindi viðskiptavina, er ekki nægjanlegt til að uppfylla kröfur 7. og 8. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB, af ástæðum er varða

gildandi lög, þ.m.t. einkum þau lög er varða eignir eða gjaldþrot, skulu aðildarríki mæla fyrir um ráðstafanir sem fjárfestingafyrirtæki verða að grípa til þess að uppfylla þessar skyldur.

3. Ef gildandi lög innan þeirrar lögsögu þar sem fjármunir eða fjármálagerningar viðskiptavinarins eru varðveittir koma í veg fyrir að fjárfestingafyrirtæki uppfylli d- eða e-lið 1. mgr. skulu aðildarríki setja kröfur sem hafa sambærileg áhrif að því er varðar verndun réttinda viðskiptavina.

17. gr.

(7. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Fjármálagerningar viðskiptavinar lagðir inn á reikning

1. Aðildarríkin skulu heimila fjárfestingafyrirtækjum að leggja fjármálagerninga, sem þeir varðveita fyrir hönd viðskiptavina sinna, inn á reikning eða reikninga hjá þriðja aðila að því tilskildu að fyrirtæki sýni tilhlýðilega færni, aðgát og kostgæfni við val, tilnefningu og reglulega endurskoðun á þriðja aðila og við fyrirkomulag um varðveislu og vernd þessara fjármálagerninga. Aðildarríki skulu einkum krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki taki tillit til sérfræðipækningar og orðspors þriðja aðila á markaði og einnig hvers kyns lagaskilyrða eða markaðsvenja sem tengjast varðveislu þessara fjármálagerninga sem gætu haft neikvæð áhrif á réttindi viðskiptavinar.

2. Aðildarríki skulu tryggja að ef sérstakar reglur og eftirlit gilda um vernd fjármálagerninga fyrir reikning annars aðila í lögsagnarumdæmi, þar sem fjárfestingafyrirtækið hyggst leggja fjármálagerninga inn á reikning hjá þriðja aðila, skuli fjárfestingafyrirtækið ekki leggja þessa fjármálagerninga inn í því lögsagnarumdæmi hjá þriðja aðila sem fellur ekki undir þessar reglur og eftirlit.

3. Aðildarríki skulu tryggja að fjárfestingafyrirtæki leggi ekki fjármálagerninga, sem það varðveitir fyrir hönd viðskiptavinar inn á reikning hjá þriðja aðila í þriðja landi, ef þriðja landið setur ekki reglur um varðveislu og vernd fjármálagerninga fyrir reikning annars aðila nema annað eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt:

- a) eðli fjármálagerninganna eða fjárfestingaþjónustunnar, sem tengist þessum gerningum, gerir nauðsynlegt að leggja þá inn á reikning hjá þriðja aðila í því þriðja landi,
- b) þegar fjármálagerningar eru varðveittir fyrir fagviðskiptavin sem fer skriflega fram á við fyrirtækið að það leggi þá á reikning hjá þriðja aðila í því þriðja landi.

18. gr.

(8. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Fjármunir viðskiptavinar lagðir inn á reikning

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að við móttöku á fjármunum viðskiptavinar komi fjárfestingafyrirtækið þessum fjármunum tafarlaust fyrir á einum eða fleiri reikningum sem hafa verið opnaðir hjá einhverjum eftirfarandi aðila:

- a) seðlabanka,
- b) lánastofnun sem er með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2000/12/EB,
- c) banka með starfsleyfi í þriðja landi,
- d) viðurkenndum peningamarkaðssjóði.

Fyrsti undirliður skal ekki gilda um lánastofnun sem veitt er leyfi, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana (endursamin) ⁽¹⁾, í tengslum við innlán í skilningi þeirrar tilskipunar sem þessi sama stofnun hefur í vörslu sinni.

2. Að því er varðar d-lið 1. mgr. og e-lið 1. mgr. 16. gr. merkir „viðurkenndur peningamarkaðssjóður“ fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu sem veitt er leyfi, samkvæmt tilskipun 85/611/EBE eða fellur undir eftirlit og, ef við á, hefur verið veitt leyfi yfirvalds samkvæmt innlendum lögum í aðildarríki og uppfyllir eftirfarandi skilyrði:

- a) aðalfjárfestingarmarkmiðið skal vera að halda hreinni eign fyrirtækisins annaðhvort fastri á nafnvirði (að frádrægunum hagnaði) eða á stofnfjárvirði fjárfestisins að viðbættum hagnaði,
- b) í því skyni að ná þessu aðalfjárfestingarmarkmiði verður það að fjárfesta eingöngu í hágæðapeningamarkaðsgerningum sem eru ekki með lengri binditíma eða binditíma sem eftir er en 397 daga eða reglubundna arðsemisaðlögun í samræmi við binditímann og 60 daga veginn meðalbinditími þeirra. Það getur einnig náð þessu markmiði með því að fjárfesta á viðbótargrundvelli í innlánunum hjá lánastofnunum,
- c) það verður að tryggja lausafé við uppgjör sama dag eða næsta dag.

Að því er varðar b-lið skal peningamarkaðsgerningur talinn hágæðagerningur ef hann hefur fengið hæsta mögulega lánshæfismat hjá sérhverri þar til bæri matsstofnun sem hefur metið þennan gerning. Gerningur, sem er ekki metinn hjá þar til bæri matsstofnun, skal ekki talinn hágæðagerningur.

Að því er varðar annan undirlið skal litið svo á að matsstofnunin sé þar til bær ef hún birtir reglulega og á

faglegum grunni lánshæfismat um peningamarkaðssjóði og er viðurkennd utanaðkomandi lánshæfismatsstofnun (ECAI) í skilningi 1. mgr. 81. gr. tilskipunar 2006/48/EB.

3. Aðildarríkin skulu krefjast þess að í þeim tilvikum þegar fjárfestingafyrirtæki leggja ekki fjármuni viðskiptavina inn á reikning hjá seðlabanka sýni þau alla tilhlýðilega færni, aðgát og kostgæfni við val, tilnefningu og reglulega endurskoðun á lánastofnuninni, bankanum eða peningamarkaðssjóðnum þar sem fjármunirnir eru varðveittir og fyrirkomulag um varðveislu fjármunanna.

Aðildarríki skulu einum krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki taki tillit til sérfræðiþekkingar og orðspors slíkra stofnana eða peningamarkaðssjóða í því skyni að tryggja réttindi viðskiptavinarins og einnig hvers kyns lagaskilyrða eða markaðsvenja sem tengjast varðveislu fjármuna viðskiptavinarins sem gætu haft neikvæð áhrif á réttindi viðskiptavinar.

Aðildarríki skulu tryggja að viðskiptavinir hafi rétt til að andmæla að fjármunir þeirra séu settir í viðurkenndan peningamarkaðssjóð.

19. gr.

(7. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Notkun á fjármálagerningum viðskiptavinar

1. Aðildarríkin skulu ekki heimila fjárfestingafyrirtækjum að ganga frá fyrirkomulagi um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, að því er varðar fjármálagerninga sem þau varðveita fyrir hönd viðskiptavinar eða nota slíka fjármálagerninga á annan hátt fyrir eigin reikning eða reikning annars viðskiptavinar fyrirtækisins, nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) viðskiptavinurinn verður áður að hafa veitt ótvírætt samþykki sitt um notkun fjármálagerninganna með skýrum skilmálum og því til sönnunar er undirskrift hans eða aðrar sambærilegar aðferðir ef um er að ræða fagviðskiptamann,
- b) notkun á fjármálagerningum þessa viðskiptavinar skal takmarkast við þá skýru skilmála sem viðskiptavinurinn samþykkir.

2. Aðildarríkin skulu ekki heimila fjárfestingafyrirtækjum að ganga frá fyrirkomulagi um fjármögnunarviðskipti með verðbréf, að því er varðar fjármálagerninga sem þau varðveita fyrir hönd viðskiptavinar á sameiginlegum reikningi, sem þriðji aðili heldur utan um, eða nota fjármálagerninga sem varðveittir eru á slíkum reikningi á annan hátt fyrir eigin reikning eða reikning annars viðskiptavinar fyrirtækisins, nema a.m.k. annað hvort eftirfarandi skilyrða sé uppfyllt til viðbótar við skilyrðin sem sett eru fram í 1. mgr.:

- a) sérhver viðskiptavinur, sem á fjármálagerninga sem eru varðveittir saman á sameiginlegum reikningi, verður áður að hafa veitt ótvírætt samþykki í samræmi við a-lið 1. mgr.,

⁽¹⁾ Stjótið. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

b) fjárfestingafyrirtækið skal hafa innleitt kerfi og eftirlit sem tryggir að einungis fjármálagerningar, sem tilheyra viðskiptavininum sem áður hafa veitt ótvírætt samþykki í samræmi við a-lið 1. mgr., séu notaðir á þennan hátt.

Í skrár fjárfestingafyrirtækisins skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um viðskiptavininn, sem hefur gefið leiðbeiningar um notkun fjármálagerninganna og sem farið hefur verið eftir, og einnig um fjölda fjármálagerninga, sem notaðir eru og tilheyra sérhverjum viðskiptavini sem hefur veitt samþykki sitt, til þess að mögulegt sé að úthluta tapi á réttan hátt.

20. gr.

(7. og 8. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Skýrslur utanaðkomandi endurskoðenda

Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki tryggi að utanaðkomandi endurskoðendur þeirra leggi að lágmarki árlega fram skýrslu til lögbærs yfirvalds í heimaaðildarríki fyrirtækisins um hversu hæft fyrirkomulag fyrirtækisins er, skv. 7. og 8. mgr. 13. gr. tilskipunar 2004/39/EB og þessum þætti.

4. ÞÁTTUR

Hagsmunaárekstrar

21. gr.

(3. mgr. 13. gr. og 18. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Hagsmunaárekstrar sem geta hugsanlega skaðað viðskiptavin

Aðildarríki skulu tryggja, í því skyni að auðkenna allar gerðir hagsmunaárekstra sem skapast við það að veita fjárfestingaþjónustu og viðbótarþjónustu eða samsetningu af þessu tvennu og þar sem tilvist þeirra getur skaðað hagsmuni viðskiptavinar, að fjárfestingafyrirtæki taki tillit til þess, með því að nota lágmarksviðmiðanir, hvort eftirfarandi aðstæður eiga við um fjárfestingafyrirtækið eða viðkomandi aðila eða aðila, sem eru beint eða óbeint tengdir fyrirtækinu í gegnum yfirráð, hvort sem það er vegna þess að veitt hefur verið fjárfestinga- eða viðbótarþjónusta eða fjárfestingastarfsemi eða vegna annars:

- líklegt er að fyrirtækið eða þessi aðili njóti fjárhagslegs ágóða eða forðist fjárhagslegt tap á kostnað viðskiptavinarins,
- fyrirtækið eða þessi aðili hefur hagsmuna að gæta að því leyti hver niðurstaða þjónustunnar er, sem viðskiptavininum er veitt, eða hver niðurstaða viðskipta verður, sem gerð eru fyrir hönd viðskiptavinarins, og þessir hagsmunir eru aðgreindir frá hagsmunum viðskiptavinarins að því er varðar niðurstöðuna,
- fyrir hendi er fjárhagslegur hvati eða annars konar hvati hjá fyrirtækinu eða þessum aðila til þess að setja hagsmuni annars viðskiptavinar eða hóps viðskiptavina framir hagsmunum viðskiptavinarins,
- fyrirtækið eða þessi aðili stundar sams konar rekstur og viðskiptavinurinn,

e) fyrirtækið eða þessi aðili tekur á móti eða mun taka á móti, frá aðila öðrum en viðskiptavininum, umbun í tengslum við þjónustu, sem veitt er viðskiptavininum í formi peninga, vara eða þjónustu annarrar en venjubundinna umboðslauna eða þóknana fyrir þessa þjónustu.

22. gr.

(3. mgr. 13. gr. og 1. mgr. 18. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Stefna varðandi hagsmunaárekstra

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki komi á, hrindi í framkvæmd og viðhaldi skilvirkri stefnu varðandi hagsmunaárekstra sem er sett fram skriflega og í samræmi við stærð og skipulag fyrirtækisins og eðli og umfang rekstrarins og hversu flókinn hann er.

Ef fyrirtækið er aðili að samstæðu verður stefnan einnig að taka mið af hvers konar aðstæðum, sem fyrirtækinu ætti að vera kunnugt um, sem gætu leitt til þess að hagsmunaárekstrar verði vegna skipulags og rekstrarstarfsemi annarra aðila að samstæðunni.

2. Stefnan um hagsmunaárekstra sem komið er á í samræmi við 1. mgr. skal taka á eftirfarandi efnisatriðum:

- í henni verður að ákveða, með hliðsjón af sérstakri fjárfestingaþjónustu og –starfsemi og viðbótarþjónustu, sem stunduð er fyrir hönd fjárfestingafyrirtækisins, hvaða aðstæður það eru sem valda eða geta valdið hagsmunaárekstrum sem hafa í för með sér verulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist,
- í henni verður að tiltaka aðferðir, sem fylgja skal, og ráðstafanir, sem beita skal, í því skyni að hafa stjórn á slíkum árekstrum.

3. Aðildarríki skulu tryggja að aðferðirnar og ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr., séu með þeim hætti að tryggt sé að viðkomandi aðilar, sem stunda mismunandi rekstrarstarfsemi sem hefur í för með sér þess háttar hagsmunaárekstra sem tilgreindir eru í a-lið 2. mgr., stundi þessa starfsemi með það miklu óhæði, sem er til jafns við umfang og starfsemi fjárfestingafyrirtækisins og samstæðunnar sem það tilheyrir, og þess hversu raunveruleg áhættan er á því að hagsmunaárekstrar viðskiptavinnanna skaðist. Að því er varðar b-lið 2. mgr. skulu aðferðirnar, sem fylgja skal og beita, fela í sér eftirfarandi atriði sem eru nauðsynleg og viðeigandi fyrir fyrirtækið ef það vill tryggja tilskilið óhæði:

- árangursríkar aðferðir til að koma í veg fyrir og stýra upplýsingaskiptum milli viðeigandi aðila, sem stunda starfsemi sem hefur í för með sér hættu á hagsmunaárekstrum, ef þessi upplýsingaskipti geta skaðað hagsmuni eins eða fleiri viðskiptavina,

b) sérstakt eftirlit með viðeigandi aðilum sem hafa það sem aðalverkefni að annast starfsemi fyrir hönd þeirra viðskiptavina eða veita þeim viðskiptavinum þjónustu sem eiga hagsmuna að gæta sem geta stangast á eða eru fulltrúar mismunandi hagsmuna sem geta að öðru leyti stangast á, þ.m.t. hagsmunir fyrirtækisins,

24. gr.

(2. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Fjárfestingarannsóknir

c) afnám hvers kyns beinna tengsla milli greiðslu til viðeigandi aðila sem annast fyrst og fremst eitt verksvið og greiðslu til annarra viðeigandi aðila sem annast fyrst og fremst annað verksvið, eða tekjur sem þeir skapa, ef til hagsmunaárekstra gæti komið í tengslum við þessi verksvið,

1. Að því er varðar 25. gr. merkir „fjárfestingarannsóknir“ rannsóknir eða aðrar upplýsingar sem, með beinum eða óbeinum hætti, fela í sér ráðleggingar eða tillögu um fjárfestingaráætlun, sem ætlunin er að fari um dreifileiðir eða ætluð er almenningi, og sem á við um einn eða fleiri fjármálagerninga eða útgefendur fjármálagerninga, þ.m.t. álit á núverandi eða framtíðarvirði eða verði slíkra gerninga, og í tengslum við þá skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

d) ráðstafanir til að koma í veg fyrir að aðili hafi óviðeigandi áhrif á það hvernig viðkomandi aðili annast fjárfestinga-, viðbótarþjónustu eða –starfsemi, eða til að takmarka getu hans til að hafa slík áhrif,

a) þær eru nefndar eða þeim lýst sem fjárfestingarannsóknnum eða á áþekkan hátt eða þær eru settar fram að öðru leyti sem hlutlæg eða sjálfstæð skýring á málunum sem eru efni ráðlegginganna,

e) ráðstafanir til að takmarka eða hafa eftirlit með þátttöku viðkomandi aðila, sem er annaðhvort samhlíða eða fylgir á eftir sérstakri fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu eða –starfsemi, ef þessi þátttaka getur skaðað viðunandi stjórnun hagsmunaárekstra.

b) ef fjárfestingafyrirtæki veitti viðskiptavinum ráðlegginguna, sem um ræðir, teldist hún ekki til veitingar fjárfestingaráðgjafar í skilningi tilskipunar 2004/39/EB.

Ef samþykkt á eða beiting einnar eða fleiri af þessum ráðstöfunum og aðferðum tryggir ekki tilskilið óhæði skulu aðildarríkin krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki samþykki þær val- eða viðbótarráðstafanir og -aðferðir sem eru nauðsynlegar og viðeigandi í þessu skyni.

2. Varðandi ráðleggingar skv. 3. mgr. 1. gr. í tilskipun 2003/125/EB sem tengjast fjármálagerningum eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun 2004/39/EB og uppfylla ekki skilyrði sem sett eru fram í 1. mgr. skal farið með þær sem teljast markaðsefni í skilningi tilskipunar 2004/39/EB og aðildarríki skulu krefjast þess að öll fjárfestingafyrirtæki sem framleiða og dreifa ráðleggingunum tryggi að þær séu greinilega auðkenndar sem slíkar.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að upplýsingar til viðskiptavinar, skv. 2. mgr. 18. gr. tilskipunar 2004/39/EB, séu á varanlegum miðli og séu nógu ítarlegar, með hliðsjón af því hvers konar viðskipti viðskiptavinurinn stundar, til að gera viðskiptavininum kleift að taka upplýsta ákvörðun að því er varðar fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu sem hagsmunaáreksturinn tengist

Að auki skulu aðildarríki krefjast þess að þessi fyrirtæki tryggi að allar slíkar ráðleggingar feli í sér skýra og áberandi yfirlýsingu um (eða að sama skapi ef um er að ræða munnlega ráðleggingu) að þær hafi ekki verið unnar í samræmi við lagakröfur, sem gerðar eru til að stuðla að óhæði fjárfestingarannsóknna, og að um þær gildi ekkert bann við því að viðskiptin fari fram áður en fjárfestingarannsóknunum er dreift.

23. gr.

(6. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Skrá yfir þjónustu eða starfsemi sem skapar skaðandi hagsmunaárekstra

Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtækið haldi skrá sem það uppfærir reglulega yfir tegundir fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu eða fjárfestingastarfsemi sem er stunduð af fyrirtækinu eða fyrir hönd þess þar sem skapast hefur hagsmunaárekstur sem hefur í för með sér verulega hættu á að hagsmunir eins eða fleiri viðskiptavina skaðist eða muni skaðast ef um er að ræða áframhaldandi þjónustu eða starfsemi.

25. gr.

(3. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

ViðbótarSKIPULAGSKRÖFUR EF FYRIRTÆKI VINNUR OG DREIFIR FJÁRFESTINGARANNSÓKNUM

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki sem vinna eða koma í kring gerð fjárfestingarannsóknna, sem er fyrirhugað að dreifa til, eða líklegt er að verði dreift til, viðskiptavina fyrirtækisins eða til almennings á þeirra eigin ábyrgð eða á ábyrgð aðila að samstæðunni, tryggi að allar ráðstafanir, sem settar eru fram í 3. mgr. 22. gr., komi til framkvæmdar og séu í tengslum við fjármálasérfræðinga, sem annast gerð fjárfestingarannsóknanna, og aðra viðeigandi aðila ef ábyrgðarsvið þeirra eða viðskiptahagsmunir kunna að

stangast á við hagsmuni aðilanna sem fjárfestingarannsóknunum er dreift til.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki, sem falla undir ákvæði 1. mgr., hafi innleitt fyrirkomulag í því skyni að tryggja að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) fjármálasérfræðingar og aðrir viðkomandi aðilar skulu ekki annast einkaviðskipti eða viðskipti nema sem viðskiptavakar sem starfa í góðri trú og við venjubundin störf viðskiptavaka eða við framkvæmd óumbeðinna fyriræla viðskiptavinar fyrir hönd einhvers annars aðila, þ.m.t. fjárfestingafyrirtæki, í fjármálagerningum sem fjárfestingarannsóknirnar tengjast eða í öðrum tengdum fjármálagerningum ef þeim er kunnugt um líklega tímasetningu eða efni þessara fjárfestingarannsókna, sem eru ekki aðgengileg almenningi eða viðskiptavinum, og ekki er auðveldlega hægt að álykta um efni þeirra út frá upplýsingum, sem unnt er að nálgast, fyrr en móttakendur fjárfestingarannsókna hafa fengið eðlilegt tækifæri til að bregðast við þeim,

b) við aðstæður, sem ekki er fjallað um í a-lið, skulu fjármálasérfræðingar og aðrir viðkomandi aðilar, sem eiga hlut í vinnslu fjárfestingarannsókna, ekki annast einkaviðskipti í fjármálagerningum, sem fjárfestingarannsóknirnar tengjast, eða í nokkrum tengdum fjármálagerningum, andstætt gildandi ráðleggingum nema í undantekningartilvikum og með áður veittu samþykki aðila að laga- og regluvörslu fyrirtækisins,

c) fjárfestingafyrirtækin sjálf, fjármálasérfræðingar og aðrir viðkomandi aðilar, sem taka þátt í vinnslu fjárfestingarannsókna, skulu ekki þiggja umbun frá aðilum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta að því er varðar efnisatriði fjárfestingarannsóknarinnar,

d) fjárfestingafyrirtækin sjálf, fjármálasérfræðingar og aðrir viðkomandi aðilar, sem taka þátt í gerð fjárfestingarannsókna, skulu ekki lofa útgefendum hagstæðri umfjöllun í tengslum við rannsóknirnar,

e) útgefendum, öðrum viðkomandi aðilum en fjármálasérfræðingum og öllum öðrum aðilum skal ekki leyft að skoða drög að fjárfestingarannsókninni, áður en henni er dreift, í því skyni að sannreyna áreiðanleika raunsannra yfirlýsinga í þessari rannsókn eða í neinu öðru skyni en að sannreyna að lagalegar skuldbindingar fyrirtækisins séu uppfylltar ef í drögunum er ráðlegging eða markgengi.

Í þessari málsgrein merkir „tengdur fjármálagerningur“ fjármálagerning þar sem gengi hans verður fyrir sterkum áhrifum af gengisbreytingum annars fjármálagernings sem er tekinn fyrir í fjárfestingarannsókninni og felur í sér afleiðu af hinum fjármálagerningnum.

3. Aðildarríkin skulu heimila fjárfestingafyrirtækjum, sem dreifa fjárfestingarannsóknum sem unnar eru af öðrum aðila til almennings eða viðskiptavina, að vera undanþegin ákvæðum 1. mgr. ef eftirfarandi viðmiðanir eru uppfylltar:

a) aðilinn sem vinnur fjárfestingarannsóknina er ekki aðili að samstæðunni sem fjárfestingafyrirtækið tilheyrir,

b) fjárfestingafyrirtækið gerir ekki verulegar breytingar á ráðleggingunum sem eru í fjárfestingarannsókninni,

c) fjárfestingafyrirtækið kynnir ekki fjárfestingarannsóknina þannig að það hafi unnið hana,

d) fjárfestingafyrirtækið gengur úr skugga um að sá sem vann rannsóknina falli undir kröfur, sem jafngilda kröfum samkvæmt þessari tilskipun, í tengslum við vinnslu þeirrar rannsóknar eða hefur sett stefnu þar sem slíkar kröfur eru gerðar.

III. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR STARFSEMI FJÁRFESTINGAFYRIRTÆKJA

1. ÞÁTTUR

Umbun

26. gr.

(1. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Umbun

Aðildarríki skulu tryggja að fjárfestingafyrirtæki skulu ekki talin starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við bestu hagsmuni viðskiptavinar ef þau greiða eða þeim er greidd, í tengslum við að þau veita viðskiptavininum fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu, einhver þóknun eða umboðslaun eða þau veita eða þeim er veittur einhver ópeningalegur ávinningur annar en eftirfarandi:

a) þóknun, umboðslaun eða ópeningalegur ávinningur, greiddur eða veittur viðskiptavini eða aðila, sem er fulltrúi viðskiptavinarins, eða sem viðskiptavinurinn greiðir eða veitir eða aðili fyrir hans hönd,

b) þóknun, umboðslaun eða ópeningalegur ávinningur, greiddur eða veittur þriðja aðila eða aðila, sem er fulltrúi viðskiptavinarins, eða sem þriðji aðili greiðir eða veitir eða aðili fyrir hans hönd ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

i. viðskiptavinurinn skal vera skilmerkilega upplýstur með ítarlegum, nákvæmum og skiljanlegum hætti um tilvist, eðli og fjárhæð þóknunarinnar, umboðslaunanna eða ávinningsins eða hvaða aðferð er notuð til að reikna út fjárhæðina ef ekki er unnt að ákvarða hana áður en viðkomandi fjárfestinga- eða viðbótarþjónusta er veitt,

- ii. greiðsla þóknunarinnar eða umboðslaunanna eða afhending ópeningalega ávinningsins skal vera með þeim hætti að viðkomandi þjónusta við viðskiptavininn aukist að gæðum og skaði ekki uppfyllingarskyldu fyrirtækisins um að starfa þannig að það þjóni hagsmunum viðskiptavinarins sem best,
- c) viðeigandi þóknunarir, sem auðvelda eða eru nauðsynlegar til að fjárfestingaþjónusta sé veitt, s.s. vörslugjöld, uppgjörs- og viðskiptaþóknunarir, eftirlitsgjöld eða lögfræðiþóknunarir og sem, vegna eðlis þeirra, getur ekki valdið hagsmunaaðrekstrum við skyldur fyrirtækisins til að starfa af heiðarleika, sanngírni og fagmennsku þannig að það samræmist bestu hagsmunum viðskiptavina þeirra.

Aðildarríki skulu heimila fjárfestingafyrirtæki, að því er varðar i-lið b-liðar, að greina frá í stuttu máli grundvallarskilmálum í fyrirkomulaginu, sem tengist þóknunum, umboðslaunum eða ópeningalegum ávinningi, að því tilskildu að það skuldbindi sig til að greina frá frekari upplýsingum að beiðni viðskiptavinarins og að því tilskildu að það virði þessa skuldbindingu.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingar til viðskiptavina og hugsanlegra viðskiptavina

27. gr.

(2. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Skilyrði sem upplýsingarnar skulu uppfylla til þess að þær séu sanngjarnar, skýrar og ekki villandi

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki tryggi að allar upplýsingar, þ.m.t. markaðsefni, sem þau beina til almennra viðskiptavina eða hugsanlegra, almennra viðskiptavina eða dreifa á þann hátt að líklegt er að almennir viðskiptavinir eða hugsanlegir, almennir viðskiptavinir fái þær, uppfylli skilyrðin sem mælt er fyrir um í 2. til 8. mgr.

2. Í upplýsingunum, sem um getur í 1. mgr., skal koma fram heiti fjárfestingafyrirtækisins. Þær skulu vera nákvæmar og einkum skal þar ekki leggja neina áherslu á hugsanlegan ávinning af fjárfestingaþjónustu eða fjármálagerningum nema einnig sé bent á hvers kyns áhættu sem þeim tengist með sanngírni og á áberandi hátt. Þær skulu nægja hverjum meðalaðila í hópnum, sem þeim er beint til eða þeim sem líklegt er að fái þær, og vera settar þannig fram að meðalaðilinn í hópnum, sem þeim er beint til eða líklegt er að fái þær, skilji þær. Þær skulu ekki rangfæra, draga úr eða dylja mikilvæg atriði, yfirlýsingar eða viðvaranir.

3. Ef í upplýsingunum er gerður samanburður á fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu, fjármálagerningum eða aðilum, sem veita fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu, skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- a) samanburðurinn verður að vera marktækur og settur fram á sanngjarnan og yfirvegaðan hátt,

- b) tilgreina skal hvaðan upplýsingarnar, sem notaðar eru í samanburðinn, eru upprunnar,
- c) lykilstaðreyndir og forsendur, sem notaðar eru til að gera samanburðinn, verða að koma fram.

4. Ef í upplýsingunum er tilvísun í fyrri árangur fjármálagerningsins, efnahagsvísis eða fjárfestingaþjónustu skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

- a) þessi tilvísun skal ekki vera áberandi atriði í orðsendingunni,

b) í upplýsingunum skulu koma fram viðeigandi upplýsingar um árangur á næstliðnum 5 árum, eða á öllu tímabilinu sem fjármálagerningurinn hefur verið í boði, fjárhagsvísinum hefur verið komið á eða sem fjárfestingaþjónustan hefur verið veitt ef það er styttra en fimm ár eða annað lengra tímabil, eftir því sem fyrirtækið ákveður, og í öllum tilvikum verður árangurinn að byggjast á heilum 12 mánaða tímabilum,

- c) tilgreina verður tilvísunartímabilið og hvaðan upplýsingarnar eru upprunnar,

d) í upplýsingunum verður að vera áberandi viðvörðun um að tölurnar vísi til fortíðar og að árangur í fortíð gefi ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur,

e) ef vísbendingin er byggð á á tölum, sem tilgreindar eru í öðrum gjaldmiðli heldur en þess aðildarríkis þar sem almenni viðskiptavinurinn eða hugsanlegi almenni viðskiptavinurinn hefur aðsetur, skal tilgreina gjaldmiðilinn greinilega ásamt viðvörðun um að ávöxtunin geti aukist eða minnkað vegna gengisflöktis,

- f) ef vísbendingin byggist á heildarárangri skal gefa upp áhrif af umboðslaunum, þóknunum eða öðrum gjöldum.

5. Ef í upplýsingunum er tilgreindur eða í þeim er vísað til hermiárangurs í fortíðinni skulu þær tengjast fjármálagerningnum eða fjárhagsvísi og eftirfarandi skilyrði skulu uppfyllt:

- a) hermiárangurinn í fortíðinni skal byggjast á raunárangri eins eða fleiri fjármálagerninga eða fjárhagsvísa í fortíðinni sem eru þeir sömu og fjármálagerningurinn sem um ræðir eða liggja að baki honum,

b) að því er varðar raunárangur í fortíðinni, sem um getur í a-lið, skulu skilyrði, sem sett eru fram í a- til c-lið og f-lið í 4. mgr., uppfyllt,

- c) í upplýsingunum verður að vera áberandi viðvörðun um að tölurnar vísi til hermiárangurs í fortíðinni og að árangur í fortíð gefi ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

6. Ef í upplýsingunum eru upplýsingar um framtíðarárangur skulu eftirfarandi skilyrði uppfyllt:

29. gr.

- a) upplýsingarnar mega ekki byggjast á eða í þeim vísað til hermiárangurs í fortíðinni,
- b) þær verða að byggjast skynsamlegum forsendum sem studdar eru af hlutlægum gögnum,
- c) ef upplýsingarnar byggjast á heildarárangri skal gefa upp áhrif af umboðsláunum, þóknunum eða öðrum gjöldum,
- d) í þeim skal vera áberandi viðvörðun um að slíkar spár gefi ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

7. Ef vísað er til sérstakrar skattameðferðar í upplýsingunum skal tekið fram með áberandi hætti að skattameðferðin ráðist af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og geti tekið breytingum í framtíðinni.

8. Í upplýsingunum skal ekki nota heiti neins lögbærs yfirvalds með þeim hætti að það gæti gefið vísbendingu um eða gefið til kynna að þetta yfirvald mæli með eða samþykki vörur eða þjónustu fjárfestingafyrirtækisins.

28. gr.

(3. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Upplýsingar um flokkun viðskiptavina

1. Aðildarríki skulu tryggja að fjárfestingafyrirtæki tilkynni nýjum viðskiptavinum og núverandi viðskiptavinum, sem fjárfestingafyrirtækið hefur nýverið flokkað eins og krafist er samkvæmt tilskipun 2004/39/EB, um flokkun þeirra sem almennir viðskiptavinir, fagviðskiptavinir eða hæfur mótaðili í samræmi við þá tilskipun.

2. Aðildarríki skulu tryggja að fjárfestingafyrirtæki tilkynni viðskiptavinum á varanlegum miðli um allan rétt viðskiptavinar til að fara fram á aðra flokkun og um allar takmarkanir á því hve umfangsmikil vernd viðskiptavinarins yrði með slíkri flokkun.

3. Aðildarríki skulu heimila fjárfestingafyrirtækjum annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni þess viðskiptavinar sem um ræðir:

- a) að fara með viðskiptavin sem fagviðskiptavin eða almennan viðskiptavin sem mætti að öðrum kosti flokka sem hæfan mótaðila skv. 2. mgr. 24. gr. tilskipunar 2004/39/EB,
- b) að fara með viðskiptavin, sem litið er á sem fagviðskiptavin, sem almennan viðskiptavin skv. I. þætti II. viðauka við tilskipun 2004/39/EB.

(3. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Almennar kröfur um upplýsingar til viðskiptavina

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki veiti almennum viðskiptavinum eða hugsanlegum almennum viðskiptavinum eftirfarandi upplýsingar með góðum fyrirvara áður en almenni viðskiptavinurinn eða hugsanlegi almenni viðskiptavinurinn verður bundinn hvers konar samningi um veitingu fjárfestingaþjónustu eða viðbótarþjónustu eða áður en slík þjónusta er veitt, hvort heldur ber fyrir að:

- a) skilmála slíks samnings,
- b) upplýsinga sem krafist er skv. 30. gr. sem tengjast þessum samningi eða þessari fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki veiti upplýsingar, sem krafist er skv. 30. til 33. gr., með góðum fyrirvara áður en almennum fjárfestum eða hugsanlegum almennum fjárfestum er veitt fjárfestingaþjónusta eða viðbótarþjónusta.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki veiti fagviðskiptavinum upplýsingar, sem um getur í 5. og 6. mgr. 32. gr., með góðum fyrirvara áður en þjónustan, sem um ræðir, er veitt.

4. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. til 3. mgr., skulu veittar á varanlegum miðli eða á vefsetri (ef slíkt felur ekki í sér varanlegan miðil) að því tilskildu að skilyrðin sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. gr. séu uppfyllt.

5. Aðildarríki skulu, með undantekningu á ákvæðum 1. og 2. mgr., heimila fjárfestingafyrirtækjum, við eftirfarandi aðstæður, að veita almennum viðskiptavinum upplýsingarnar, sem krafist er skv. 1. mgr., strax eftir að þessi viðskiptavinur er bundinn einhvers konar samningi um veitingu fjárfestingaþjónustu eða viðbótarþjónustu og upplýsingarnar, sem krafist er skv. 2. mgr., strax eftir að þjónustan hefst:

- a) fyrirtækinu var ekki unnt að fara að þeim tímamörkum, sem tilgreind eru í 1. og 2. mgr., vegna þess að samningurinn var, að beiðni viðskiptavinarins, gerður með því að nota fjarskiptamiðil sem kemur í veg fyrir að fyrirtækið veiti upplýsingar í samræmi við 1. eða 2. mgr.
- b) í þeim tilvikum þegar ákvæði 3. mgr. 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/65/EB frá 23. september 2002 varðandi fjarsölu á fjármálaþjónustu fyrir neytendur og um breytingu á tilskipun ráðsins 90/619/EBE og á tilskipunum 97/7/EB og 98/27/EB⁽¹⁾ gilda ekki að öðru leyti uppfyllir fjárfestingafyrirtækið kröfur þeirrar greinar í tengslum við almenna viðskiptavininn eða hugsanlega almenna viðskiptavininn eins og þessi viðskiptavinur eða hugsanlegi almenni viðskiptavinur væri „neytandi“ og fjárfestingafyrirtækið væri „birgir“ í skilningi þeirrar tilskipunar.

(¹) Stjótið. EB L 271, 9.10.2002, bls. 16.

6. Aðildarríki skulu tryggja að fjárfestingafyrirtækin tilkynni viðskiptavinum með góðum fyrirvara um allar mikilvægar breytingar á upplýsingunum sem veittar eru skv. 30. til 33. gr. og skipta máli varðandi þjónustu sem fyrirtækið veitir þessum einstaklingi. Þessi tilkynning skal vera á varanlegum miðli ef upplýsingarnar, sem hún tengist, eru á varanlegum miðli.

7. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki tryggi að upplýsingarnar, sem eru í markaðsefni, samræmist öllum öðrum upplýsingum sem fyrirtækið veitir viðskiptavinum þegar það stundar fjárfestinga- eða viðbótarþjónustu.

8. Aðildarríki skulu tryggja að ef í markaðsefni felst tilboð eða boð um eftirfarandi og tiltekið er hvernig svara skuli eða meðfylgjandi er eyðublað, sem unnt er að nota til að svara með, þá felist þær upplýsingar, sem um getur í 30. til 33. gr. og eftir því sem við á, um þetta tilboð eða boð:

- a) tilboð um að gera samning í tengslum við fjármálagerning eða fjárfestingaþjónustu eða viðbótarþjónustu við aðila sem svarar samskiptunum,
- b) boð til aðila sem svarar samskiptunum um að gera tilboð eða samning í tengslum við fjármálagerning, fjárfestingaþjónustu eða viðbótarþjónustu.

Ákvæði fyrsta undirliðar gilda þó ekki ef hugsanlegi almenni viðskiptavinurinn verður að vísa til annars skjals eða annarra skjala, sem hvort um sig eða til samans innihalda þessar upplýsingar, ef hann vill svara tilboði eða boði sem markaðsefnið felur í sér.

30. gr.

(fyrsti undirliður 3. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Upplýsingar um fjárfestingafyrirtækið og þjónustu þess fyrir almenna viðskiptavini og hugsanlega almenna viðskiptavini

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki veiti almennum viðskiptavinum eða hugsanlegum almennum viðskiptavinum eftirfarandi almennar upplýsingar, þar sem við á:

- a) heiti og heimilisfang fjárfestingafyrirtækisins og upplýsingar um tengilið sem nauðsynlegar eru til að gera viðskiptavinum kleift að hafa skilvirkt samband við fyrirtækið,
- b) tungumálin sem viðskiptavinurinn getur notað til að hafa samskipti við fjárfestingafyrirtækið og til að taka við skjölum og öðrum upplýsingum frá fyrirtækinu,
- c) samskiptaáðferðir, sem skal nota milli fjárfestingafyrirtækisins og viðskiptavinarins, þ.m.t. áðferðir við að senda og taka við fyrirmælum þar sem við á,
- d) yfirlýsingu þess efnis að fyrirtækið hafi leyfi og heiti og heimilisfang tengiliðar þess lögbæra yfirvalds sem annaðist leyfisveitinguna,

e) yfirlýsingu þessa efnis að fjárfestingafyrirtækið starfi fyrir milligöngu fasts umboðsmanns og í henni skal tilgreint í hvaða aðildarríki þessi umboðsmaður er skráður,

f) eðli, tíðni og tímasetningu skýrslna um niðurstöðu þjónustunnar sem fjárfestingafyrirtækið skal veita viðskiptavininum í samræmi við 8. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB,

g) ágríp af lýsingu á þeim ráðstöfunum sem fjárfestingafyrirtækið gerir til að tryggja vernd fjármálagerninga viðskiptavinar eða fjármuna viðskiptavinar ef það varðveitir þá, þ.m.t. ágríp af upplýsingum um viðkomandi bótakerfi fyrir fjárfesta eða innlátnatryggingakerfi sem gildir um fyrirtækið í krafti starfsemi þess í aðildarríki,

h) lýsing, sem má leggja fram sem ágríp, á stefnu fyrirtækisins um hagsmunaárekstra í samræmi við 22. gr.,

i) frekari upplýsingar um stefnuna um hagsmunaárekstra á varanlegum miðli eða á vefsetri (ef slíkt felur ekki í sér varanlegan miðil), hvenær sem viðskiptavinurinn fer fram á þær, að því tilskildu að skilyrðin sem tilgreind eru í 2. mgr. séu uppfyllt.

2. Aðildarríki skulu tryggja að þegar fjárfestingafyrirtæki veita þjónustu við eignastýringu skuli þau koma á viðeigandi aðferðum við mat og samanburð, s.s. viðeigandi viðmiðanir sem byggjast á fjárfestingamarkmiðum viðskiptavinarins og þeim tegundum fjármálagerninga sem eru í eignasafni viðskiptavinarins og gera þannig viðskiptavininum, sem þjónustan er veitt, kleift að meta árangur fyrirtækisins.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að ef fjárfestingafyrirtæki hyggjast veita almennum viðskiptavinum eða hugsanlegum almennum viðskiptavinum eignastýringarþjónustu veiti þau viðskiptavininum eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á, til viðbótar við þær upplýsingar sem krafist er skv. 1. mgr.:

- a) upplýsingar um aðferð og tíðni við mat á fjármálagerningum í eignasafni viðskiptavinarins,
- b) nánari upplýsingar um það ef valfrjáls stýring á öllum fjármálagerningunum eða fjármununum í eignasafni viðskiptavinarins eða á hluta þeirra er falin öðrum,
- c) upplýsingar um viðmið sem árangur eignasafns viðskiptavinarins verður borinn saman við,
- d) tegundir fjármálagerninga, sem geta verið í eignasafni viðskiptavinarins, og tegundir viðskipta, sem geta verið gerð með slíka gerninga, þ.m.t. hvers kyns mörk,
- e) markmið í stýringu, áhættustig sem skal endurspeglast í því hvernig forstöðumaðurinn beitir valfrelsinu og allar sérstakar hömlur sem tengjast þessu valfrelsi í ákvarðanatöku.

31. gr.

(annar undirliður 3. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Upplýsingar um fjármálagerninga

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki veiti viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum almenna lýsingu á eðli og áhættu fjármálagerninga, einkum með tilliti til flokkunar viðskiptavinar, annaðhvort sem almenns viðskiptavinar eða fagviðskiptavinar. Í þessari lýsingu skal koma fram eðli þeirrar sérstöku tegundar gernings, sem um ræðir, og einnig sú áhætta sem einkum tengist þessari sérstöku tegund gernings, nógu ítarlega, til að gera viðskiptavininum kleift að taka upplýstar ákvarðanir um fjárfestingar.

2. Eftirfarandi atriði skulu vera meðal þess sem kemur fram í lýsingunni, þar sem það á við, vegna sérstakrar tegundar gerningsins, sem um ræðir, og stöðu viðskiptavinarins og hve mikla þekkingu hann hefur:

- a) áhætta sem tengist þessari tegund fjármálagernings, þ.m.t. skýring á skuldsetningu og áhrifum hennar og áhættunni á að tapa allri fjárfestingunni,
- b) verðflókt slíkra gerninga og hvers kyns takmarkanir á tiltækum markaði að því er varðar slíka gerninga,
- c) sú staðreynd að fjárfestirinn gæti tekið á sig, eftir viðskipti með slíka gerninga, fjárhagsskuldbindingar og aðrar viðbótarskuldbindingar, þ.m.t. óvissar skuldbindingar, til viðbótar við kostnaðinn af því að kaupa gerningana,
- d) hvers kyns tryggingafé eða sambærilegar skuldbindingar sem eiga við um þessa tegund gerninga.

Aðildarríki geta kveðið nánar á um nákvæma skilmála eða efni lýsingar á áhættu sem krafist er samkvæmt þessari málsgrein.

3. Ef fjárfestingafyrirtæki veitir almennum viðskiptavinum eða hugsanlegum almennum viðskiptavinum upplýsingar um fjármálagerninga, sem eru hluti af yfirstandandi tilboði til almennings, og birt hefur verið útboðs- og skráningarlýsing í tengslum við þetta tilboð í samræmi við tilskipun 2003/71/EB skal fyrirtækið tilkynna viðskiptavininum eða hugsanlega viðskiptavininum hvar almennungur getur nálgast útboðs- og skráningarlýsinguna.

4. Ef líklegt er að áhættan sem tengist fjármálagerningi, sem samanstendur af tveimur eða fleiri mismunandi fjármálagerningum eða þjónustu, sé meiri en áhættan sem tengist nokkrum hlutanna skal fjárfestingafyrirtækið gefa viðunandi lýsingu á hlutum þessa gernings og hvernig víxlverkun þeirra eykur áhættuna.

5. Ef um er að ræða fjármálagerninga, sem fela í sér ábyrgðir þriðja aðila, skal m.a. koma fram í upplýsingum um ábyrgðir nægilega ítarleg lýsing á ábyrgðaraðila og ábyrgðunum til að gera almenna viðskiptavininum eða hugsanlega almenna viðskiptavininum kleift að meta ábyrgðirnar á sanngjarnan hátt.

32. gr.

(fyrsti undirliður 3. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Upplýsingakröfur varðandi verndun fjármálagerninga viðskiptavina eða verndun fjármuna viðskiptavina

1. Aðildarríki skulu tryggja að ef fjárfestingafyrirtæki varðveita fjármálagerninga eða fjármuni, sem eru í eigu almennra viðskiptavina, veiti þau þessum almennu viðskiptavinum eða hugsanlegu almennu viðskiptavinum þær upplýsingar sem eru tilgreindar í 2. til 7. mgr., eftir því sem við á.

2. Ef þriðji aðili á vegum fjárfestingafyrirtækisins varðveitir fjármálagerninga eða fjármuni almenns viðskiptavinar eða hugsanlegs almenns viðskiptavinar skal fjárfestingafyrirtækið tilkynna almenna viðskiptavininum eða hugsanlega almenna viðskiptavininum um það og um ábyrgð fjárfestingafyrirtækisins, samkvæmt gildandi innlendum lögum, vegna aðgerða eða aðgerðaleysis þriðja aðila og afleiðingar sem gjaldþrot þriðja aðila hefur í för með sér fyrir viðskiptavininn.

3. Ef fjármálagerningar almenns viðskiptavinar eða hugsanlegs almenns viðskiptavinar eru varðveittir á sameiginlegum reikningi þriðja aðila, og slíkt er heimilt samkvæmt innlendum lögum, skal fjárfestingafyrirtækið tilkynna viðskiptavininum um þetta og leggja fram áberandi viðvörðun um áhættuna sem þetta hefur í för með sér.

4. Fjárfestingafyrirtækið skal tilkynna almenna viðskiptavininum eða hugsanlega almenna viðskiptavininum ef ekki er unnt, samkvæmt innlendum lögum, að aðgreina fjármálagerninga viðskiptavinar, sem þriðji aðili geymir sérstaklega, frá eigin fjármálagerningum þessa þriðja aðila eða fjárfestingafyrirtækisins og skal það leggja fram áberandi viðvörðun um áhættu sem slíkt hefur í för með sér.

5. Fjárfestingafyrirtækið skal tilkynna viðskiptavininum eða hugsanlega viðskiptavininum ef reikningar, sem innihalda fjármálagerninga eða fjármuni sem eru í eigu þessa viðskiptavinar eða hugsanlega viðskiptavinarins, falla eða munu falla undir löggjöf annars lögsagnarumdæmis en aðildarríkisins og það skal benda á að réttindi viðskiptavinarins eða hugsanlega viðskiptavinarins, sem tengjast þessum fjármálagerningum eða fjármunum, geta verið mismunandi hvað þetta varðar.

6. Fjármálafyrirtæki skal tilkynna viðskiptavininum um það ef fyrir hendi eru skilmálar um tryggingar eða veð sem fyrirtækið hefur eða kann að hafa vegna fjármálagerninga eða fjármuna viðskiptavinarins og hverjir þeir eru eða hvers konar rétt til skuldajöfnuðar það hefur í tengslum við þessa gerninga eða fjármuni. Þar sem við á skal það einnig tilkynna viðskiptavininum um það að vörsluaðili kunnir að hafa tryggingar eða veð í þessum gerningum eða fjármunum eða rétt til skuldajöfnuðar í þeim.

7. Áður en fjárfestingafyrirtæki stofnar til fjármögnunarviðskipta með verðbréf í tengslum við fjármálagerninga, sem það varðveitir fyrir hönd almenns viðskiptavinar eða áður en það notar slíka fjármálagerninga á annan hátt fyrir eigin reikning eða fyrir reikning annars

viðskiptavinar, skal það með góðum fyrirvara áður en það notar þessa gerninga veita almenna viðskiptavininum skýrar, ítarlegar og nákvæmar upplýsingar, á varanlegum miðli, um skuldbindingar og ábyrgðir fjárfestingafyrirtækisins að því er varðar áhættuna sem fylgir slíku.

33. gr.

(fjórði undirliður 3. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Upplýsingar um kostnað og tengd gjöld

Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki veiti almennum viðskiptavinum sínum og hugsanlegum almennum viðskiptavinum upplýsingar um kostnað og tengd gjöld sem fela í sér eftirfarandi þætti, eftir því sem við á:

- heilðarverð sem viðskiptavininn ber að greiða í tengslum við fjármálagerninginn, fjármálaþjónustuna eða viðbótarþjónustuna, þ.m.t. allar tengdar þóknarir, umboðslaun, kostnaður og útgjöld og allir skattar, sem greiddir eru fyrir milligöngu fjárfestingafyrirtækisins, eða, ef ekki er unnt að gefa upp nákvæmt verð, grundvöllur fyrir útreikningi heilðarverðsins svo að neytandi geti sannreynt það,
- ef greiða skal hluta heilðarverðsins, sem um getur í a-lið, í erlendum gjaldmiðli eða hann stendur fyrir slíka fjárhæð skal gefa upp gjaldmiðilinn og umreikningsgengi hans ásamt kostnaði sem um ræðir,
- tilkynningu um að verið geti að annar kostnaður, þ.m.t. skattar, sem tengist viðskiptum í tengslum við fjármálagerning eða fjárfestingaþjónustu, geti fallið á viðskiptavininn og að þessi kostnaður sé ekki greiddur fyrir milligöngu fjárfestingafyrirtækisins eða að það leggi þennan kostnað á,
- fyrirkomulag um greiðslu og aðrar efndir.

Að því er varðar a-lið skal sundurliða sérstaklega umboðslaun sem fyrirtækið innheimtir í hverju tilviki fyrir sig.

34. gr.

(annar og fjórði undirliður 3. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Upplýsingar sem lagðar eru fram í samræmi við tilskipun 85/611/EBE

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar um er að ræða hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, sem falla undir tilskipun 85/611/EBE, sé litið á einfaldaða útboðs- og skráningararlýsingu, sem uppfyllir ákvæði 28. gr. í þeirri tilskipun, sem viðeigandi upplýsingar í skilningi annars undirliðar 3. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB.

2. Aðildarríki skulu tryggja að þegar um er að ræða hlutdeildarskírteini í fyrirtækjum um sameiginlega fjárfestingu, sem falla undir tilskipun 85/611/EBE, sé litið á einfaldaða útboðs- og skráningararlýsingu, sem uppfyllir ákvæði 28. gr. í þeirri tilskipun, sem viðeigandi upplýsingar, í skilningi fjórða undirliðar 3. mgr. 19. gr. tilskipunar 2004/39/EB, að því er

varðar kostnað og tengd gjöld sem tengjast verðbréfasjóðnum sjálfum, þ.m.t. umboðslaun fyrir kaup og sölu.

3. ÞÁTTUR

Mat á því hvað er hæfilegt og viðeigandi

35. gr.

(4. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Mat á hæfi

1. Aðildarríki skulu tryggja að fjárfestingafyrirtæki fái frá viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til þess að fyrirtækið skilji grundvallarstaðreyndir um viðskiptavininn og hafi skynsamlega grundaðar ástæður til að gera ráð fyrir, með því að taka tilhlýðilegt tillit til eðlis og umfangs veittrar þjónustu, að þau tilteknu viðskipti, sem mælt verður með eða stofnað til með veitingu eignastýringarþjónustunnar, uppfylli eftirfarandi viðmiðanir:

- þau uppfylli fjárfestingarmarkmið viðskiptavinarins sem um ræðir,
- þau séu þannig að viðskiptavinurinn sé fjárhagslega fær um að taka á sig alla tengda fjárfestingaráhættu sem er í samræmi við fjárfestingarmarkmið hans,
- þau séu þannig að viðskiptavinurinn hafi þá reynslu og þekkingu, sem nauðsynleg er, til að skilja áhættuna sem felst í viðskiptunum eða í stýringu eignasafns hans.

2. Ef fjárfestingafyrirtækið veitir fagviðskiptavini fjárfestingarþjónustu skal það hafa rétt á að gera ráð fyrir, að því er varðar vörur, viðskipti og þjónustu sem það er flokkað í samræmi við, að viðskiptavinurinn sé með nægilega reynslu og þekkingu í skilningi c-liðar 1. mgr. Ef þessi fjárfestingarþjónusta felur í sér að fagviðskiptavininn, sem fellur undir 1. þætti II. viðauka tilskipunar 2004/39/EB, er veitt fjárfestingaráðgjöf skal fjárfestingafyrirtækið hafa rétt á að gera ráð fyrir, í skilningi b-liðar 1. mgr., að viðskiptavinurinn sé fjárhagslega fær um að taka á sig alla tengda fjárfestingaráhættu sem er í samræmi við fjárfestingarmarkmið þess viðskiptavinar.

3. Upplýsingarnar varðandi fjárhagsstöðu viðskiptavinarins eða hugsanlega viðskiptavinarins skulu fela í sér, þar sem við á, upplýsingar um hvaðan reglulegar tekjur og eignir hans koma og hverjar þær eru, þ.m.t. seljanlegar eignir, fjárfestingar og fasteignir ásamt reglulegum fjárhagsskuldbindingum hans.

4. Upplýsingar varðandi fjárfestingarmarkmið viðskiptavinarins eða hugsanlega viðskiptavinarins skulu fela í sér, þar sem við á, upplýsingar um hversu lengi viðskiptavinurinn óskar að halda fjárfestingunni, forgangsóskir hans varðandi áhættu, áhættustefnu hans og tilgang hans með fjárfestingunni.

5. Ef fjárfestingafyrirtæki fær ekki upplýsingarnar, sem krafist er skv. 4. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB, þegar það veitir fjárfestingarþjónustu við fjárfestingaráðgjöf eða eignastýringu skal fyrirtækið ekki mæla með fjárfestingarþjónustu eða fjármálagerningum við viðskiptavin eða hugsanlegan viðskiptavin.

36. gr.

(5. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Mat á því hvað er viðeigandi

Aðildarríki skulu krefjast þess að þegar fjárfestingafyrirtæki meta hvort fjárfestingaþjónusta, eins og um getur í 5. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB, sé viðeigandi fyrir viðskiptavin ákvarði fjárfestingafyrirtækið hvort þessi viðskiptavinur hafi þá reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til þess að hann skilji hvaða áhætta tengist vörunni eða fjárfestingaþjónustunni sem er boðin eða beðið er um.

Í þessu skyni skal fjárfestingafyrirtækið hafa rétt á að gera ráð fyrir að fagviðskiptavinur hafi þá reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til þess að hann skilji áhættuna sem tengist þeirri tilteknu fjárfestingaþjónustu eða –viðskiptum eða tegundum viðskipta eða vöru sem viðskiptavinurinn er flokkaður eftir sem fagviðskiptavinur.

37. gr.

(4. og 5. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Ákvæði sem eiga bæði við um mat á hæfi og hvað á við

1. Aðildarríki skulu tryggja að upplýsingar varðandi þekkingu og reynslu viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á sviði fjárfestinga feli í sér eftirfarandi, að því marki sem við á með tilliti til þess um hvers konar viðskiptavin um er að ræða og eðlis og umfangs þjónustunnar, sem veita skal, og tegundar vörunnar eða viðskiptanna, sem fyrirhuguð eru, þ.m.t. hversu flókin þau eru og áhættan sem fylgir:

a) tegundir þjónustu, viðskipta og fjármálagernings sem viðskiptavinurinn er kunnugur,

b) eðli, umfang og tíðni viðskipta viðskiptavinarins með fjármálagerninga og á hvaða tímabili þau hafa verið gerð,

c) menntun og atvinna eða fyrri atvinna viðskiptavinarins eða hugsanlegs viðskiptavinar sem skiptir máli í þessu sambandi.

2. Fjárfestingafyrirtæki skal ekki hvetja viðskiptavin eða hugsanlegan viðskiptavin til þess að veita ekki upplýsingar sem krafist er að því er varðar 4. og 5. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB.

3. Fjárfestingafyrirtæki skal hafa rétt á því að reiða sig á upplýsingar, sem viðskiptavinir þess eða hugsanlegir viðskiptavinir leggja fram, nema því sé kunnugt um eða eigi að vera kunnugt um að upplýsingarnar séu sannanlega úreldar, óáreiðanlegar eða ófullgerðar.

38. gr.

(fyrsti undirliður 6. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Veiting þjónustu með ósamsetta gerninga

Líta skal svo á fjármálagerning, sem er ekki tilgreindur í fyrsta undirlið 6. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB, að hann sé ósamsettur ef hann uppfyllir eftirfarandi viðmiðanir:

a) hann fellur ekki undir c-lið 18. liðar 1. mgr. 4. gr. eða 4. til 10. lið í C-þætti I. viðauka við tilskipun 2004/39/EB,

b) mörg tækifæri eru til að ráðstafa, leysa út eða innleysa þennan gerning á annan hátt á verði sem er opinberlega aðgengilegt markaðsaðilum og sem er annaðhvort markaðsverð eða verð sem er aðgengilegt eða viðurkennt af matskerfum sem eru óháð útgefanda,

c) hann felur ekki í sér raunverulega eða hugsanlega skuldbindingu viðskiptavinarins sem er meiri en kostnaðurinn við kaup á gerningnum,

d) viðunandi og ítarlegar upplýsingar um eiginleika hans eru opinberlega aðgengilegar og líklegt er að þær séu auðskiljanlegar þannig að hverjum almennum miðlungsviðskiptavini sé kleift að meta með upplýstum hætti hvort stofna skuli til viðskipta með þennan gerning.

39. gr.

(1. og 7. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Samningur við almennan viðskiptavin

Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki, sem veitir nýjum almennum viðskiptavini aðra fjárfestingaþjónustu en fjárfestingaráðgjöf í fyrsta sinn eftir að ákvæði þessarar tilskipunar koma til beitingar, gangi frá skriflegum grunnsamningi á pappír eða öðrum varanlegum miðli þar sem viðskiptavinurinn setur fram grundvallarréttindi og skuldbindingar fyrirtækisins og viðskiptavinarins.

Réttindi og skyldur aðilanna að samningnum kunna að vera felld inn með tilvísun í önnur skjöl eða lagatexta.

4. ÞÁTTUR

Upplýsingar til viðskiptavina

40. gr.

(8. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

**Tilkynningarskylda að því er varðar framkvæmd annarra
fyrirmæla en um eignastýringu**

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar fjárfestingafyrirtæki hafa farið að fyrirmælum um annað en eignastýringu fyrir hönd viðskiptavinar grípi þau til eftirfarandi aðgerða í tengslum við þessi fyrirmæli:

- a) fjárfestingafyrirtækið skal tafarlaust veita viðskiptavininum þýðingarmiklar upplýsingar varðandi framkvæmd þessara fyrirmæla á varanlegum miðli,
- b) þegar um er að ræða almennan viðskiptavin verður fjárfestingafyrirtækið að senda viðskiptavininum tilkynningu á varanlegum miðli til staðfestingar á framkvæmd fyrirmælanna eins fljótt og auðið er og eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir framkvæmdina eða, ef fjárfestingafyrirtæki móttækur staðfestingu frá þriðja aðila, eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir að staðfesting hefur borist frá þriðja aðila.

Ákvæði b-liðar skulu ekki gilda ef í staðfestingunni eru sömu upplýsingar og í staðfestingu sem annar aðili mun senda almenna viðskiptavininum tafarlaust.

Ákvæði a- og b-liðar skulu ekki gilda þegar fyrirmæli, sem eru framkvæmd fyrir hönd viðskiptavina, tengjast skuldabréfum sem fjármagna veðlánsamninga við fyrrgreinda viðskiptavini en í því tilviki skal skýra frá viðskiptunum á sama tíma og skýrt er frá skilmálum veðlánsins en eigi síðar en einum mánuði eftir að fyrirmælin hafa verið framkvæmd.

2. Til viðbótar við kröfur skv. 1. mgr. skulu aðildarríki krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki veiti viðskiptavininum upplýsingar um stöðu fyrirmæla hans, ef hann fer fram á slíkt.

3. Aðildarríki skulu tryggja að þegar um er að ræða fyrirmæli fyrir almenna viðskiptavini, sem tengjast hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum í sjóði um sameiginlega fjárfestingu sem eru framkvæmd reglulega, geri fjárfestingafyrirtæki annaðhvort þá ráðstöfun, sem tilgreind er í b-lið 1. mgr., eða veiti almenna viðskiptavininum, a.m.k. einu sinni á sex mánaða fresti, upplýsingarnar, sem skráðar eru í 4. mgr., að því er varðar þessi viðskipti.

4. Í tilkynningunni, sem um getur í b-lið 1. mgr., skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar, eftir því sem við á og þar sem við á, í samræmi við töflu 1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1287/2006:

- a) auðkenning fyrirtækis sem gefur skýrslu,
- b) nafn eða annað heiti viðskiptavinar,

- c) viðskiptadagur,
- d) tími viðskipta,
- e) gerð fyrirmæla,
- f) auðkenning kerfisins,
- g) auðkenning gernings,
- h) kaup-/söluvísir,
- i) eðli fyrirmælanna ef þau fela í sér annað en kaup/sölu,
- j) magn,
- k) einingaverð,
- l) heildargreiðsla,
- m) samtala umboðslauna og innheimts kostnaðar og sundurliðuð skipting ef almenni viðskiptavinurinn fer fram á það,
- n) ábyrgð viðskiptavinarins í tengslum við viðskipta-uppgjörið, þ.m.t. tímamörk greiðslu eða afhendingar og einnig upplýsingar sem máli skipta um reikning ef viðskiptavininum hefur ekki áður verið tilkynnt um þessar upplýsingar og ábyrgðir,
- o) sú staðreynd að í reynd var mótaðili viðskiptavinarins fjárfestingafyrirtækið sjálft eða annar aðili í samstæðu fjárfestingafyrirtækisins eða annar viðskiptavinur fjárfestingafyrirtækisins nema fyrirmælin hafi verið framkvæmd í gegnum viðskiptakerfi sem gerir kleift að stunda nafnlaus viðskipti.

Að því er varðar k-lið skal fjárfestingafyrirtækið veita viðskiptavininum upplýsingar um verð í hverjum áfanga eða meðalverð ef fyrirmælin eru framkvæmd í áföngum. Ef meðalverð er gefið upp skal fjárfestingafyrirtækið veita almennum viðskiptavini upplýsingar um verðið á hverjum hlut ef beðið er um það.

5. Fjárfestingafyrirtækið getur veitt viðskiptavininum upplýsingarnar, sem um getur í 4. mgr., með því að nota staðlaða kóða ef það útskýrir jafnframt hvernig kóðarnir eru notaðir.

41. gr.

(8. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Tilkynningarskylda að því er varðar eignastýringu

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki, sem veita viðskiptamönnum þjónustu á sviði eignastýringar, veiti sérhverjum viðskiptavini reglubundna yfirlýsingu á varanlegum miðli um aðgerðir í eignastýringunni, sem inntar hafa verið af hendi fyrir hönd þess viðskiptavinar, nema annar aðili leggi fram slíka yfirlýsingu.

2. Ef um er að ræða almenna viðskiptavinum skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar, í reglubundnu yfirlýsingunni, sem krafist er skv. 1. mgr., þar sem við á:

- a) heiti fjárfestingafyrirtækisins,
- b) nafn eða önnur tilnefning á reikningi almenna viðskiptavinarins,
- c) yfirlýsing um innihald og mat á eignasafninu, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um sérhvern fjármálagerning þar, markaðsvirði hans eða gangvirði ef markaðsvirði er ekki fyrir hendi og sjóð í upphafi og við lok skýrslutímabilsins og árangur eignasafnsins á skýrslutímabilinu,
- d) heildarfjárhæð þóknana og gjalda sem stofnað er til á skýrslutímabilinu með sundurliðun á a.m.k. heildarstyringarþóknunum og heildarkostnaði sem tengjast framkvæmd og þ.m.t., þar sem við á, yfirlýsing um að ítarlegri sundurliðun verði lögð fram ef beðið er um það,
- e) samanburður á árangri á tímabilinu, sem yfirlýsingin nær til, með viðmiðun um fjárfestingarárangur (ef einhver var) sem fjárfestingafyrirtækið og viðskiptavinurinn ákváðu sín í milli,
- f) heildarfjárhæð arðgreiðslna, vaxta og annarra móttækinnna greiðslna á skýrslutímabilinu í tengslum við eignasafn viðskiptavinarins,
- g) upplýsingar um aðrar aðgerðir fyrirtækisins sem veita réttindi í tengslum við fjármálagerninga sem eru í eignasafninu,
- h) þær upplýsingar, sem um getur í c- til l-lið 4. mgr. 40. gr. um sérhver viðskipti sem framkvæmd eru á tímabilinu, þar sem við á, nema viðskiptavininum berist upplýsingar um viðskipti framkvæmd á grundvelli einstakra viðskipta en í því tilviki gilda ákvæði 4. mgr. þessarar greinar.

3. Ef um er að ræða almenna viðskiptavinum skal leggja fram reglubundnu yfirlýsinguna, sem um getur í 1. mgr., einu sinni á hálfis árs fresti nema í eftirfarandi tilvikum:

- a) leggja skal fram reglubundnu yfirlýsinguna á þriggja mánaða fresti ef viðskiptavinurinn fer fram á það,
- b) þegar ákvæði 4. mgr. gilda skal leggja fram reglubundnu yfirlýsinguna a.m.k. einu sinni á 12 mánaða fresti,
- c) ef samningurinn milli fjárfestingafyrirtækisins og almenna viðskiptavinarins um þjónustu um eignastýringu veitir heimild fyrir eignasafni með lánsfé skal leggja fram reglubundnu yfirlýsinguna a.m.k. einu sinni í mánuði.

Fjárfestingafyrirtæki skulu tilkynna almennum viðskiptavinum um að þeir eigi rétt á að leggja fram beiðnir í skilningi a-liðar.

Undantekningin sem kveðið er á um í b-lið skal þó ekki gilda ef um er að ræða viðskipti með fjármálagerninga sem falla undir ákvæði c-liðar 18. liðar 1. mgr. 4. gr. í tilskipun

2004/39/EB eða ákvæði 4. -10. liðar í C-þætti í I. viðauka þeirrar tilskipunar.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að í þeim tilvikum þegar viðskiptavinur velur að taka við upplýsingum um viðskipti framkvæmd á grundvelli einstakra viðskipta skuli fjárfestingafyrirtæki tafarlaust, þegar eignastjóri framkvæmir viðskipti, veita viðskiptavininum grundvallarupplýsingar um þessi viðskipti á varanlegum miðli.

Ef hlutaðeigandi viðskiptavinur er almennur viðskiptavinur skal fjárfestingafyrirtækið senda honum tilkynningu til staðfestingar á viðskiptunum þar sem fram koma einnig upplýsingarnar, sem um getur í 4. mgr. 40. gr., eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir framkvæmdina eða, ef fjárfestingafyrirtæki móttækur staðfestingu frá þriðja aðila, eigi síðar en fyrsta viðskiptadag eftir að staðfesting hefur borist frá þriðja aðila.

Ákvæði annars undirliðar skulu ekki gilda ef í staðfestingunni eru sömu upplýsingar og eru í staðfestingu sem annar aðili á að senda almenna viðskiptavininum tafarlaust.

42. gr.

(8. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Viðbótartilkynningaskylda vegna eignastýringar eða viðskipta með óvissar skuldbindingar

Aðildarríki skulu tryggja að ef fjárfestingafyrirtæki sinna viðskiptum í eignastýringu fyrir almenna viðskiptavinum eða stjórna reikningum almennra viðskiptavina, sem fela í sér óvarða, opna stöðu í viðskiptum með óvissa skuldbindingu, gefi þau almenna viðskiptavininum einnig skýrslu um allt tap sem fer yfir fyrirframákveðin mörk, sem fyrirtækið og viðskiptavinurinn hafa samþykkt, eigi síðar en við lok þess viðskiptadags þar sem farið er yfir mörkin eða, ef farið er yfir mörkin á degi sem ekki er viðskiptadagur, við lok næsta viðskiptadags.

43. gr.

(8. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Yfirlýsingar um fjármálagerninga eða fjármuni viðskiptavina

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki, sem varðveita fjármálagerninga eða fjármuni viðskiptavinar, sendi sérhverjum viðskiptavinum, sem þeir varðveita fjármálagerninga eða fjármuni fyrir, yfirlýsingu á varanlegum miðli a.m.k. einu sinni á ári um fjármálagerninga eða fjármuni nema slík yfirlýsing hafi komið fram í annarri reglubundinni yfirlýsingu. Ákvæði fyrsta undirliðar skulu ekki gilda um lánastofnun, sem hefur verið veitt leyfi samkvæmt tilskipun 2000/12/EB, að því er varðar innlán í skilningi þeirrar tilskipunar sem þessi stofnun hefur í vörslu sinni.

2. Í yfirlýsingu um eignir viðskiptavina, sem um getur í 1. mgr., skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- upplýsingar um alla fjármálagerninga eða fjármuni sem fjárfestingafyrirtækið varðveitir fyrir viðskiptavininn við lok þess tímabils sem yfirlýsingin nær til,
- að hvaða marki fjármálagerningar viðskiptavinar eða fjármunir viðskiptavinar hafa verið notaðir í fjármögnunarviðskiptum,
- að hvaða marki hvers kyns ávinningur hefur runnið til viðskiptavinarins í gegnum þátttöku í fjármögnunarviðskiptum og á hvaða grundvelli þessi ávinningur hefur fengist. Í þeim tilvikum að eignasafn viðskiptavinarins feli í sér ágóða af einum eða fleiri óloknum viðskiptum má byggja upplýsingarnar, sem um getur í a-lið, annaðhvort á viðskiptadegi eða uppgjörsdegi, að því tilskildu að sama grunni sé beitt á samræmdan hátt að því er varðar allar upplýsingar í yfirlýsingunni.

3. Aðildarríki skulu heimila fjárfestingafyrirtækjum, sem varðveita fjármálagerninga eða fjármuni og annast þjónustu við eignastýringu fyrir viðskiptavin, að setja yfirlýsinguna um eignir viðskiptavinar, sem um getur í 1. mgr., í reglubundnu yfirlýsinguna sem það sendir þessum viðskiptavini skv. 1. mgr. 41. gr.

5. ÞÁTTUR

Besta framkvæmd

44. gr.

(1. mgr. 21. mgr. og 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Viðmiðanir um bestu framkvæmd

1. Aðildarríki skulu tryggja að þegar fjárfestingafyrirtæki framkvæmir fyrirmæli viðskiptavina taki þau tillit til eftirfarandi viðmiðana til að ákvarða hlutfallslegt mikilvægi þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 21. gr. í tilskipun 2004/39/EB:

- einkenna viðskiptavinarins, þ.m.t. hvernig viðskiptavinurinn er flokkaður sem almennur eða fagviðskiptavinur,
- einkenna fyrirmæla viðskiptavinarins,
- einkenna fjármálagerninganna sem um er að ræða í þessum fyrirmælum,
- einkenna viðskiptakerfanna sem unnt er að beina fyrirmælunum til.

Í skilningi þessarar greinar og 46. gr. merkir „viðskiptakerfi“ skipulegan markað, markaðstorg, innmiðlara eða markaðsvaka eða annan aðila sem útvegar lausafé eða einingu og gegnir sambærilegu hlutverki í þriðja landi og einhver hinna framangreindu gegnir.

2. Fjárfestingafyrirtæki uppfyllir skuldbindingu sína, skv. 1. mgr. 21. gr. í tilskipun 2004/39/EB, um að gera allar

skynsamlegar ráðstafanir til að ná besta mögulega árangri fyrir viðskiptavin að því marki að það framkvæmi fyrirmæli eða sérstakan þátt fyrirmæla samkvæmt sérstakri tilstögn viðskiptavinarins sem tengjast fyrirmælunum eða sérstökum þætti fyrirmælanna.

3. Ef fjárfestingafyrirtæki framkvæmir fyrirmæli fyrir hönd almenns viðskiptavinar skal ákvarða besta mögulega árangur út frá heildargreiðslu, sem sýnir verð fjármálagerningsins og kostnað tengdan framkvæmdinni, en í henni skulu falin öll útgjöld sem viðskiptavinurinn stofnar til sem eru beinlínis tengd framkvæmd fyrirmælanna, þ.m.t. þó óknanir vegna viðskiptakerfis, þóknarir vegna greiðsluþjónunar og uppgjörs og allar aðrar þóknarir sem greiddar eru þriðju aðilum sem koma að framkvæmd fyrirmælanna.

Í því skyni að tryggja bestu framkvæmd, ef fleiri en eitt kerfi eru í samkeppni um að framkvæma fyrirmæli um fjármálagerning, og til þess að meta og bera saman árangur fyrir viðskiptavininn, sem unnt væri að ná með því að framkvæma fyrirmæli í sérhverju viðskiptakerfi sem er skráð í stefnu fyrirtækisins um framkvæmd fyrirmæla og sem getur framkvæmt fyrirmælin, skal í þessu mati tekið tillit til eigin umboðslauna og kostnaðar fyrirtækisins fyrir framkvæmd fyrirmælanna í sérhverju þeirra viðskiptakerfa sem viðurkennd eru.

4. Aðildarríki skulu krefjast þess að umboðslaunum fjárfestingafyrirtækja sé ekki þannig skipt eða þau innheimt á þann hátt að gert sé upp á milli viðskiptakerfa.

5. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið fyrir 1. nóvember 2008 um aðgengi, samanburðarhæfi og samsteypu upplýsinga að því er varðar gæði framkvæmda í ýmsum viðskiptakerfum.

45. gr.

(1. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Skylda fjárfestingafyrirtækja sem annast eignastýringu og móttöku og sendingu fyrirmæla til þess að starfa þannig að hagsmunir viðskiptavinarins séu hafðir að leiðarljósi

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að þegar fjárfestingafyrirtæki veita þjónustu við eignastýringu uppfylli þau skuldbindinguna, skv. 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB, sem felur í sér að aðgerðir þeirra þjóni best hagsmunum viðskiptavina þeirra sem best þegar þeir miðla fyrirmælum til annarra eininga um framkvæmd sem eru byggðar á ákvörðunum fjárfestingafyrirtækisins um að eiga viðskipti með fjármálagerninga fyrir hönd viðskiptavinar þess.

2. Aðildarríki skulu krefjast þess að þegar fjárfestingafyrirtæki veita þjónustu við móttöku og sendingu fyrirmæla uppfylli þau skuldbindinguna, skv. 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB, sem felur í sér að aðgerðir þeirra þjóni sem best hagsmunum viðskiptavina þeirra þegar þeir senda fyrirmæli til annarra eininga til framkvæmdar.

3. Í því skyni að uppfylla ákvæði 1. og 2. mgr. skulu aðildarríki tryggja að fjárfestingafyrirtæki grípi til þeirra aðgerða sem um getur í 4. til 6. mgr.

4. Fjárfestingafyrirtæki skulu gera þær ráðstafanir sem skynsamlegar eru til að niðurstaðan verði sem hagstæðust fyrir viðskiptavinum þess að teknu tilliti til þeirra þátta sem um getur í 1. mgr. 21. gr. í tilskipun 2004/39/EB. Hlutfallslegt mikilvægi þessara þátta skal ákvarðað með tilvísun til viðmiðanna, sem sett eru fram í 1. mgr. 44. gr., og, að því er varðar almenna viðskiptavinum, krafanna, skv. 3. mgr. 44. gr. Fjárfestingafyrirtækið uppfyllir skuldbindingar sínar, skv. 1. og 2. mgr., og þess er ekki krafist að það gripi til aðgerðanna, sem um getur í þessari málsgrein, að því marki að það fylgi sérstökum leiðbeiningum viðskiptavinar síns þegar fyrirmæli eru lögð fram eða þegar fyrirmæli eru send til annarrar einingar til framkvæmdar.

5. Fjárfestingafyrirtæki skulu koma á og framkvæma stefnu sem gerir þeim kleift að uppfylla skuldbindingarnar í 4. mgr. Í stefnunni skal tilgreina, að því er varðar sérhvern gerningaflokk, þær einingar þar sem fyrirmælin eru lögð fram eða þær einingar þangað sem fjármálaafyrirtækið sendir fyrirmæli til framkvæmdar. Hjá einingunum, sem tilgreindar eru, skal vera fyrir hendi fyrirkomulag um framkvæmd sem gerir fjárfestingafyrirtækjum kleift að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt þessari grein þegar það leggur fram eða sendir þessari einingu fyrirmæli til framkvæmdar.

Fjárfestingafyrirtæki skal veita viðskiptavinum sínum viðeigandi upplýsingar um þá stefnu sem komið er á í samræmi við þessa málsgrein.

6. Fjárfestingafyrirtæki skulu hafa reglubundið eftirlit með skilvirkni þeirrar stefnu sem komið er á í samræmi við 5. mgr., einkum gæði framkvæmdar hjá einingunum sem tilgreindar eru í þessari stefnu og þau skulu ráða bót á hvers konar annmörkum þar sem við á.

Auk þess skulu fjárfestingafyrirtæki endurskoða stefnu sína árlega. Slík endurskoðun skal fara fram í hvert skipti sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á getu fyrirtækisins til að ná áframhaldandi besta hugsanlega árangri fyrir viðskiptavinum sína.

7. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki gilda þegar fjárfestingafyrirtæki, sem veitir þjónustu við eignastýringu og/eða móttöku og sendingu fyrirmæla, framkvæmir einnig fyrirmæli, sem eru móttækin, eða ákvarðanir um að eiga viðskipti fyrir hönd eignasafns viðskiptavinarins. Í þessum tilvikum gildir 21. gr. tilskipunar 2004/39/EB)

46. gr.

(3. og 4. mgr. 21. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Framkvæmdarstefna

1. Aðildarríki skulu tryggja að fjárfestingafyrirtæki endurskoði árlega framkvæmdarstefnuna, sem komið er á, skv. 2. mgr. 21. gr. tilskipunar 2004/39/EB, og einnig fyrirkomulag þeirra við framkvæmd fyrirmæla.

Slík endurskoðun skal fara fram í hvert skipti sem veruleg breyting verður sem hefur áhrif á getu fyrirtækisins til að ná

áframhaldandi besta hugsanlega árangri við framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina sinna með samræmdum hætti með því að nota kerfi sem eru talin með í framkvæmdarstefnu þess.

2. Fjárfestingafyrirtæki skulu veita almennum viðskiptavinum eftirfarandi ítarlegar upplýsingar um framkvæmdarstefnu sína með góðum fyrirvara áður en þjónustan er veitt:

a) yfirlit um hlutfallslegt mikilvægi sem fjárfestingafyrirtækið ætlar þeim þáttum, sem um getur í 1. mgr. 21. gr. í tilskipun 2004/39/EB, í samræmi við viðmiðanirnar, sem eru tilgreindar í 1. mgr. 44. gr., eða aðferðina sem fyrirtækið beitir til að ákvarða hlutfallslegt mikilvægi þessara þátta,

b) skrá yfir viðskiptakerfin sem fyrirtækið reidir sig einkum á þegar það uppfyllir skuldbindingar sínar um að grípa til allra ráðstafana, sem skynsamlegar eru, til þess að ná með samræmdum hætti besta mögulega árangri í framkvæmd fyrirmæla viðskiptavina,

c) skýra og áberandi viðvörðun um að hvers kyns sérstakar leiðbeiningar frá viðskiptavinum kunni að hindra það að fyrirtækið gripi til aðgerða, sem það hefur mótað og komið á í framkvæmdarstefnu sinni, í því skyni að ná besta mögulega árangri við framkvæmd þessara fyrirmæla að því er varðar þá þætti sem leiðbeiningarnar ná til. Þessar upplýsingar skulu veittar á varanlegum miðli eða á vefsetri (ef slíkt felur ekki í sér varanlegan miðil) að því tilskildu að skilyrðin, sem tilgreind eru í 2. mgr. 3. gr., séu uppfyllt.

6. ÞÁTTUR

Meðferð fyrirmæla viðskiptavina

47. gr.

(1. mgr. 22. mgr. og 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Almennar meginreglur

1. Aðildarríkin skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki gripi til eftirfarandi aðgerða þegar þau sinna fyrirmælum viðskiptavina:

a) þau skulu tryggja að fyrirmæli, sem eru framkvæmd viðskiptavinarins gera annað nauðsynlegt,

b) þau skulu sinna fyrirmælum viðskiptavina, sem eru sambærileg að öðru leyti, eftir röð og án tafar nema það sé ógerlegt vegna þess hvers eðlis fyrirmælin eru eða vegna ríkjandi markaðsaðstæðna eða vegna þess að hagsmunir viðskiptavinarins gera annað nauðsynlegt,

c) þau skulu tilkynna almennum viðskiptavinum um hvers kyns veruleg vandkvæði sem tengjast því að fyrirmæli séu framkvæmd án tafar og um leið og þessi vandkvæði koma í ljós.

2. Ef fjárfestingafyrirtæki ber ábyrgð á því að hafa umsjón með eða koma í kring uppgjöri eftir framkvæmd fyrirmæla skal það gera allar skynsamlegar ráðstafanir til að tryggja að fjármálagerningur viðskiptavinar eða fjármunir viðskiptavinar, sem veitt er viðtaka við uppgjör eftir framkvæmd þessara fyrirmæla, sé komið til skila án tafar og með viðeigandi hætti á reikning viðkomandi viðskiptavinar.

3. Fjárfestingafyrirtæki skal ekki misnota upplýsingar sem tengjast óafgreiddum fyrirmælum viðskiptavinar og það skal grípa til allra skynsamlegra ráðstafana til að hindra að nokkrir viðkomandi aðilar þess misnoti slíkar upplýsingar.

48. gr.

(1. mgr. 22. mgr. og 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Samsöfnun og úthlutun fyrirmæla

1. Aðildarríki skulu ekki heimila fjárfestingafyrirtækjum að sinna fyrirmælum viðskiptavinar eða viðskiptum fyrir eigin reikning ásamt fyrirmælum annars viðskiptavinar nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) ólíklegt verður að teljast að samsöfnun fyrirmæla og viðskipta muni í heild reynast hverjum einstökum viðskiptavini óhagstæð sem á fyrirmæli sem verða hluti af safninu,

b) skýra skal sérhverjum viðskiptavini, sem á fyrirmæli sem setja á í safnið, að áhrif samsöfnunarinnar geti reynst óhagstæð að því er varðar tiltekin fyrirmæli,

c) móta skal stefnu um dreifingu fyrirmæla og framkvæma hana með skilvirkum hætti, þar sem kveðið er á um sanngjarna dreifingu samsafnaðra fyrirmæla og viðskipta á nægilega ítarlegu máli, þ.m.t. hvernig magn og verð fyrirmæla ákvarðar dreifingu og meðferð fyrirmæla sem eru framkvæmd að hluta.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að ef fjárfestingafyrirtæki setur fyrirmæli með einum eða fleiri fyrirmælum annarra viðskiptavina og samsöfnuðu fyrirmælin eru framkvæmd að hluta, dreifi það tengdum viðskiptum í samræmi við stefnu sína um dreifingu fyrirmæla.

49. gr.

(1. mgr. 22. mgr. og 1. mgr. 19. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Samsöfnun og dreifing viðskipta fyrir eigin reikning

1. Aðildarríkin skulu tryggja að fjárfestingafyrirtæki, sem hafa safnað saman viðskiptum fyrir eigin reikning og lagt við

ein eða fleiri fyrirmæli, dreifi ekki tengdum viðskiptum þannig að það skaði viðkomandi viðskiptavin.

2. Aðildarríkin skulu krefjast þess að ef fjárfestingafyrirtæki bætir fyrirmælum við viðskipti fyrir eigin reikning og samsöfnuðu fyrirmælin eru framkvæmd að hluta, dreifi það tengdum viðskiptum til viðskiptavinarins fremur en til fyrirtækisins. Ef fyrirtækið getur á hinn bóginn sýnt fram á með skynsamlegum hætti að ef ekki hefði verið fyrir blöndunina hefði því ekki verið unnt að sinna fyrirmælunum með svo hagstæðum kjörum, eða yfirleitt, getur það skipt viðskiptunum hlutfallslega fyrir eigin reikning í samræmi við stefnu um skiptingu fyrirmæla sem um getur í c-lið 1. mgr. 48. gr.

3. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki taki upp aðferðir, þannig að þær séu þáttur í stefnu um úthlutun fyrirmæla, sem um getur í c-lið 1. mgr. 48. gr., sem ætlað er að koma í veg fyrir endurúthlutun viðskipta fyrir eigin reikning, sem eru framkvæmd með fyrirmælum viðkomandi viðskiptavinar, á þann hátt að hún valdi viðskiptavininum tjóni.

7. ÞÁTTUR

Hæfir mótaðilar

50. gr.

(3. mgr. 24. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Hæfir mótaðilar

1. Aðildarríki geta viðurkennt fyrirtæki sem hæfan mótaðila ef þetta fyrirtæki fellur undir þann flokk viðskiptavina sem líta skal á sem fagviðskiptavini, í samræmi við 1., 2. og 3. mgr. I. þáttar í II. viðauka við tilskipun 2004/39/EB, að undanskildum öllum flokkum sem eru tilgreindir nákvæmlega í 2. mgr. 24. gr. í þeirri tilskipun.

Aðildarríkin geta einnig, að fenginni beiðni, viðurkennt, sem hæfa mótaðila, fyrirtæki sem falla undir flokk viðskiptavina sem líta skal á sem fagviðskiptavini í samræmi við II. þátt í II. viðauka við tilskipun 2004/39/EB. Í slíkum tilvikum skal þó það fyrirtæki, sem um ræðir, viðurkennt sem hæfur mótaðili aðeins að því er varðar þjónustu eða viðskipti ef unnt er að meðhöndla það sem fagviðskiptavin.

2. Ef hæfur mótaðili fer fram á að fá sömu meðferð, samkvæmt öðrum undirlíð 2. mgr. 24. gr. tilskipunar 2004/39/EB, og sá viðskiptavinur fær sem á í viðskiptum við fjárfestingafyrirtæki, sem fellur undir 19., 21. og 22. gr. þeirrar tilskipunar, en sem fer ekki ótvírætt fram á að fá meðferð sem almennur viðskiptavinur og fjárfestingafyrirtækið samþykkir þessa beiðni, skal fyrirtækið fara með þennan hæfa mótaðila sem fagviðskiptavin.

Ef þessi hæfi mótaðili fer hins vegar ótvírætt fram á að fá meðferð sem almennur viðskiptavinur skulu gilda ákvæðin um beiðnir um ófaglega meðferð sem tilgreindar eru í öðrum, þriðja og fjórða undirlíð I. þáttar II. viðauka í tilskipun 2004/39/EB.

8. ÞÁTTUR

skráningu símtala eða rafrænna samskipta varðandi fyrirmæli viðskiptavina.

Skráarhald

51. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal fyrir 31. desember 2009, í ljósi viðræðna við samstarfsnefnd evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um hvort ákvæði 4. mgr. eigi áfram við.

(6. mgr. 13. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

9. ÞÁTTUR

Varðveisla skráninga

1. Aðildarríki skulu krefjast þess að fjárfestingafyrirtæki varðveiti allar skráningar, sem krafist er samkvæmt tilskipun 2004/39/EB, og framkvæmdaraðgerðir í a.m.k. fimm ár.

Að auki skal varðveita skráningar þar sem sett eru fram réttindi og skuldbindingar fjárfestingafyrirtækisins annars vegar og viðskiptavinarins hins vegar samkvæmt samningi um að veita þjónustu eða þau kjör sem fyrirtækið veitir viðskiptavininum þjónustu á í a.m.k. þann tíma sem tengslin við viðskiptavininn vara.

Lögbær yfirvöld geta þó, við undantekningaraðstæður, krafist þess að fjárfestingafyrirtæki varðveiti einhverjar þessara skráninga eða þær allar í eins langan tíma og réttlæt看legt er vegna eðlis gerningsins eða viðskiptanna, ef það er nauðsynlegt til að gera yfirvaldinu kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu samkvæmt tilskipun 2004/39/EB.

Eftir að leyfi fjárfestingafyrirtækis rennur út geta aðildarríki eða lögbær yfirvöld krafist þess að fyrirtækið varðveiti skráningar þess tímabils sem eftir er af fimm ára tímabilinu sem krafist er samkvæmt fyrsta undirlíð.

2. Skráningarnar skal varðveita á miðli sem leyfir geymslu upplýsinga á þann hátt að lögbæra yfirvaldinu sé unnt að nálgast þær síðar og á slíku formi og með þeim hætti að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt.

a) lögbæra yfirvaldið verður að geta nálgast þær auðveldlega og endurgert sérhvert mikilvægt stig í ferlinu við viðskiptin,

b) auðvelt verður að vera að ganga úr skugga um allar leiðréttingar eða breytingar og innihald skráninga áður en þessar leiðréttingar eða breytingar voru gerðar,

c) ekki má vera hægt að hagræða eða breyta skráningunum að öðru leyti.

3. Lögbært yfirvald sérhvers aðildarríkis skal taka saman og viðhalda skrá yfir lágmarksskráningar sem krafist er að fjárfestingafyrirtæki haldi til haga samkvæmt tilskipun 2004/39/EB og framkvæmdarráðstafanir þess.

4. Skuldbindingar um skráningu, samkvæmt tilskipun 2004/39/EB og þessari tilskipun, eru með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að leggja skyldur á fyrirtæki að því er varðar

Skilgreiningar í skilningi tilskipunar 2004/39/EB

52. gr.

(4. liður 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 2004/39/EB)

Fjárfestingaráðgjöf

Að því er varðar skilgreiningu á „fjárfestingaráðgjöf“ í 4. lið 1. mgr. 4. gr. í tilskipun 2004/39/EB er persónuleg ráðlegging sú ráðlegging sem er veitt aðila sem er í starfi sem fjárfestir eða hugsanlegur fjárfestir eða í starfi sem umboðsmaður fjárfestis eða hugsanlegs fjárfestis.

Ráðleggingin verður að vera sett fram þannig að hún sé viðeigandi fyrir þennan aðila eða byggjast á mati á aðstæðum þessa aðila og í henni verður að felast ráðlegging um að hefja aðra hvora eftirfarandi aðgerðalotu:

- a) að kaupa, selja, skrifa sig fyrir, skipta, innleysa, varðveita eða tryggja tiltekinn fjármálagerning,
- b) að nýta eða nýta ekki rétt, sem tiltekinn fjármálagerningur hefur í för með sér, til að kaupa, selja, skrifa sig fyrir, skipta eða innleysa fjármálagerning. Ráðlegging er ekki persónuleg ráðlegging ef hún er eingöngu veitt í gegnum dreifileiðir eða til almennings.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

53. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. janúar 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta ákvæðanna og samsvörunartöflu milli þeirra og þessarar tilskipunar.

2. Aðildarríkin skulu beita þessum ákvæðum frá 1. nóvember 2007.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

54. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

55. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 10. ágúst 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.